



ÁRSSKÝRSLA
2013



Ritstjórn:

Tölfræðivinnsla og texti í tölfræðihluta:
Anna Þóra Kristinsdóttir, sálfræðingur

Textahluti:

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.

Hönnun Kápu:

Hvíta húsið

Prentun:

Guðjón Ó. Vistvæna prentsmiðjan



Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 24. starfsári Stígamóta. Gerð er grein fyrir sjálfshjálparstarfinu, hugmyndafræðinni að baki starfinu og pólitískri samfélagsvinnu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvæg hjálpartæki við til að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um textahlutann sá Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta, en Þórunn Þórarinsdóttir verkefnisstýra í Kristínarhúsi skrifaði um Kristínarhús. Um tölulega samantekt sá Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru okkur starfskonum Stígamóta leiðarljós við forgangsriðun pólitískra verkefna.

Efnisyfirlit	bls.
Stofnun og hugmyndafræði.....	3
Innra starfið.....	4
Sjálfshjálparstarfið	8
Kristínarhús.....	10
Pólitískt samfélagsstarf.....	14
Alþjóðastarf.....	25
Tölulegar upplýsingar.....	32
Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður	38
Um ofbeldisverkin.....	41
Kærð mál	55
Fordómar og staðalímyndir	56
Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn	58
Aðstandendur.....	60

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta



dr. Guðrún Jónsdóttir eldri, stofnandi Stígamóta

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu, heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Á enga er hallað þó tekið sé fram að dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi hin eldri sé heilinn á bak við Stígamót. Hún hafði þekkinguna, eldmóðinn, hugmyndirnar og kraftinn til þess að hrífa með sér alla kvennahreyfinguna og skapa það einstaka úrræði sem Stígamót hafa orðið.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, í miklum mæli karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta.

Við lítum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að litillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Innra starfið

Hugmyndafræðin að baki sjálfshjálparstarfinu

Kynjafræðilegar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunngildi í starfi með þeim sem því hafa verið beitt hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða hópum. Feminísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að það fólk sem leitar sér hjálpar hjá Stígamótum séu „sérfræðingarnir“. Það er að segja; enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því hefur verið beittur. Við leitumst því við að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfskvenna og þeirra sem leita aðstoðar. Leitast er við að endurspegla þessar hugmyndir í öllu starfi Stígamóta, hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

Skipulag, starfshópur, leiðbeinendur og sjálfboðaliðar



Starfshópur Stígamóta árið 2013. Fremri röð: Þórunn Þórarinsdóttir, Guðný Halldórsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir og Halldóra Halldórsdóttir. Aftari röð: Anna Þóra Kristinsdóttir, Anna Bentína Hermansen og Þóra Björt Sveinsdóttir. Á myndina vantar Erlu.

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök og allir starfshættir markast af því. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist á reynslu þeirra sem þangað leita, jafnframt er sóst eftir að starfskonur hafi sem besta menntun til þess að sinna starfi sínu. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt en þó hefur verkaskipting á meðal starfskvenna aukist á síðustu árum.



Steinunn kvödd og árnað heilla

Starfskonur á árinu voru Anna Bentína Hermansen kynjafræðingur, Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur, Guðný Halldórsdóttir MA í félagsráðgjöf, Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta, Halldóra Halldórsdóttir myndmeðferðarfræðingur og gjaldkeri Stígamóta, Þóra Björt Sveinsdóttir náms- og starfsráðgjafi, Þórunn Þórarinsdóttir kennari og verkefnisstýra í Kristínarhúsi, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir BA í mannfræði og verkefnisstýra Kristínarhúss. Steinunn hélt til frekara náms til New York á miðju ári og í hennar stað var ráðin Erla Björg Kristjánsdóttir félagsráðgjafi. Björg G. Gísladóttir fyrrum starfskona Stígamóta tók að sér mánaðarafleysingu vegna veikindafrís.

Hópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar eiga starfskonur kost á einkahandleiðslu hjá handleiðara að eigin vali. Fleiri komu þó að starfi Stígamóta en fastráðnar starfskonur.

Um bókhald ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir. Fjáröflun í gegnum úthringingar fór fram allt árið og stýrir Þórdís Gunnarsdóttir því starfi. Stefanía Hrönn Guðrúnardóttir heldur utan um fjáröflun og skráningu á styrktaraðilum. Þar að auki lögðu leiðbeinendur og sjálfboðaliðar fram gífurlega mikilvægt vinnuframlag.

EmilieDeffoin frá Belgíu var í þriggja mánaða starfsnámi hjá Stígamótum í gegnum Erasmus háskólaáætlun Evrópusambandsins frá því í lok júní og til loka september. Hennar helsta hlutverk var að vera sjálfboðaliði í Kristínarhúsi, en hún hefur sérstakan áhuga á að rannsaka heilsu kvenna sem hafa verið í vændi eða hafa verið seldar mansali.

Starfshópurinn vann framkvæmdaáætlun ársins á sameiginlegum vinnudegi þann 28. febrúar. Einnig voru tveir vinnudagar í október nýttir í bústaðarferð þar sem farið var yfir áherslur í starfi, helstu verkefni og verkaskiptingu og hópurinn hristur saman.

Einn af kostunum við frjáls félagasamtök er að dagatalið er aðeins til hliðsjónar. Jólafagnaðir hafa verið haldnir á ýmsum tímum, eitt árið í mars, en árið 2013 voru litlu jólin fyrir starfshóp og framkvæmdahóp haldin þann 17. janúar.

Þann 23. maí var Vorhátíðin haldin, en það er hátíð sjálfboðaliða, leiðbeinenda, framkvæmdahóps og starfshóps á Stígamótum. Auk þess að fagna sumri, héldu fulltrúar framantaldra hópa stutt erindi þar sem farið var yfir helstu verkefni og hlutverk hvers hóps.

Þá gerði hópurinn ýmislegt fleira og má til dæmis nefna heimsókn í Kvænnaathvarfið í maí til þess að skoða nýja og stórbætta aðstöðu okkar ágætu samstarfsskvenna í athvarfinu og kveðjuhóf fyrir Steinunni.

Framkvæmdahópur

Sérstakur framkvæmdahópur er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópunum, fulltrúa sjálfboðaliða í Kristínarhúsi, ásamt fulltrúum starfsskvenna og fulltrúa Kvænnaáðgjafarinnar. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum

Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Guðrún Jónsdóttir, Margrét Steinarsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Áslaug Hauksdóttir, Þóra Björt Sveinsdóttir, Theodóra Þórarinsdóttir og Hildur Birna Gunnarsdóttir. Theodóra hætti í framkvæmdahópi eftir setu þar í mörg ár og við hennar hlutverki tók Hildur Birna Gunnarsdóttir. Theodóru ber að þakka langt og gott starf og einstaka tryggð við málstaðinn.

Fjárhagslegur grundvöllur

Tekjur Stígamóta komu frá ríkinu, Reykjavíkurborg, nokkrum bæjar- og sveitarfélögum, fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum. Á milli Stígamóta og Velferðarsviðs Reykjavíkur hefur verið gerður þjónustusamningur. Auk þess fór fram fjáröflun með því að símakynnar buðu almenningi að styrkja Stígamót með mánaðarlegum áskriftum. Umfangsmikið starf sjálfbóðaliða verður ekki metið til fjár. Við útgáfu ársskýrslu liggja ársreikningar fyrir.

Velvilji og stuðningur tóku á sig ýmsar birtingarmyndir!

Umfang starfseminnar á Stígamótum væri aðeins svipur hjá sjón ef ekki kæmi til mikill velvilji og stuðningur úr ýmsum áttum. Ómögulegt er að telja upp allt það sem varð starfseminni til góða.

Fyrst ber að þakka almenningi. Mánaðarlegir styrktaraðilar hafa styrkt fjárhagslegan rekstrargrundvöll umfangsmikils starfs. Slikur stuðningur lýsir fólki með fallegar hugsanir og mikla samfélagslega ábyrgð. Sent var út fréttabréf til stuðningsfólks í byrjun ársins.

Ef ekki hefði verið fyrir mikið vinnuframlag sjálfbóðaliða hefði rekstur Kristínarhúss verið ómögulegur.

Styrktartónleikar fyrir Stígamót voru haldnir í Fríkirkjunni þann 4. apríl. Það voru þau Jón Skúli Traustason, Signý Árnadóttir og Guðrún S. Sigurðardóttir sem voru að læra viðburðastjórnun í HÍ og skipulögðu tónleikana.

Margir lögðu hönd á plóg til þess að skapa góða stund. Listamennirnir sem komu fram og gáfu vinnu sína voru Páll Óskar og Mónica, Laylow, Andrea Gylfadóttir, Eurovision stjarnan Eyþór Ingi, Ellen Kristjánsdóttir og Valgerður Guðnadóttir. Öllu þessu fólki ber að þakka.



Páll Óskar og Mónica í Fríkirkjunni

Reykjavíkurmaraþonið varð tekjulind, en þær Anna Bentína og Guðný starfskonur Stígamóta voru á meðal þeirra sem hlupu fyrir Stígamót. Samtals söfnuðust 353.352 krónur.

Samfrímúrarakúbburinn Baldur sendi 100.000 kr. styrk og það sama gerði Zontaklúbbur Borgarfjarðar. Starfsmaður Alþjóða gjaldeyrissjóðsins á Íslandi gaf Stígamótum hluta úr innbúi eftir að þjónustu hans lauk og kom það sér vel, m.a. í Kristínarhúsi. Soroptimistar á Austurlandi greiddu auglýsingar fyrir starfsemi Stígamóta á Egilsstöðum. „Verkfræðistelpur“ styrktu Stígamót um 60.000 kr.

Ein af brautryðjendunum við stofnun Stígamóta og önnur af tveimur fyrstu starfskonunum, Ragnheiður M. Guðmundsdóttir, varð sextug á árinu. Hún sýndi Stígamótum þann rausnarskap að afþakka gjafir, en benda vinum og vandamönnum á að ef fólk vildi gleðja hana, að styrkja þá Stígamót.

Innanríkisráðherra styrkti kaup á öryggismyndavélum í Kristínarhúsi. Norræna ráðherranefndin styrkti dagskrá Norrænna kvenna gegn ofbeldi á Kvennanefndarfundi Sameinuðu þjóðanna sem stýrt var af Stígamótum, auk þess sem fastanefnd Íslands pantaði sal í sínu nafni. Einkaaðilar styrktu Kristínarhúsi um 41.000 kr.

Skólafólk sýndi stuðning í verki. Í MH var haldin góðgerðarvika og 220.000 kr. söfnuðust til Stígamóta. Úr Kvennaskólanum komu 10.000 kr. Í Réttarholtsskóla bjuggu nemendur til bókamerki og seldu til stuðnings Stígamótum á afmælisdegi skólans 7. nóv. Þann dag hélt talskona Stígamóta þrjú erindi í skólanum, fyrir nemendur skólans. Samtals söfnuðust rúmlega 400.000 kr.

Pósturinn, Síminn og Græn framtíð réðust í endurnýtingarverkefni á gömlum farsímum, sem fólst í því að fólk gaf gamla farsíma sem síðan voru yfirfarnir og endurgerðir og komið í verð aftur. Um 15.000 símar söfnuðust fyrir fjögur félagasamtök, en um áramót var ekki ljóst hversu miklu það hafði skilað. Hér má sjá kynningarmynd um Stígamót <http://www.youtube.com/watch?v=ZdfsnnGA4tU>

Sannleikssjóður Stígamóta

Eftirfarandi er erindi sem flutt var við stofnun Sannleikssjóðs Stígamóta þann 6. des. en þá fór jafnframt fram afhending árlegra viðurkenninga.

„Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna Navanethem Pillay, hefur sagt að helsta brotalömin í mannréttindamálum á Íslandi sé meðferð kynferðisbrotamála í réttarkerfinu. Allt hugsandi fólk tekur undir þær áhyggjur.

Á Stígamótum finnst okkur að það liggi í loftinu breytingar. Æ oftar gerist það að þær konur og reyndar karlar líka, sem beitt hafa verið ofbeldi, una því ekki lengur að ná ekki rétti sínum. Margir hafa gert margar tilraunir til þess að segja frá, hafa rætt við fjölskyldur sínar, við ofbeldismenn, við fulltrúa stofnananna þar sem ofbeldið var framið og ekki haft erindi sem erfiði.



Sigrún Bragadóttir og Anna Bentina Hermansen

Eins og þekkt er enda fæst mál með dómi og fyrir það hugrakka fólk sem hefur freistað þess að kæra, endar það ferli alltof oft með því að fólk situr uppi með þá tilfinningu að það hafi verið léttvægt fundið.

En nú gerist það æ oftar að fólk leyfir sér þrátt fyrir allt að segja frá mannréttindabrotum og ofbeldi, bæði í fjölmiðlum, á netinu og víðar. Þá bregður svo við að réttarkerfið virkar svo ljómandi vel og konur hafa verið kærðar og dæmdar fyrir meiðyrði og mannorðssviptingar.

Stígamót greiddu fyrir viku síðan 200.000 kr. fyrir lögfræðiaðstoð vegna þess að ein starfskona okkar leyfði sér að líkja kampavínslúbbum við nektarstaðina sem nýbúið er að loka og nefndi vændi og mögulegt mansal í samtali viðblaðamann. Fyrir vikið var okkur hótad að við þyrftum að greiða kampavinsgreifunum 2 milljónir í skaðabætur og draga til baka umsögnina. Við vitum ekki alveg hvernig það mun fara, en á öðrum staðnum voru 5 menn nýlega handteknir og settir í varðhald og 3 í viðbót kærðir fyrir kaup á vændi.

Á Íslandi er okkur sagt að við búum í paradís kynjajafnréttis. Í fimm ár hefur jafnrétti á Íslandi mælst mest í heiminum, þrátt fyrir það viðgengst að ein af hverjum þremur konum er beitt ofbeldi. Nauðgunardómar hafa lengst af verið teljandi á fingrum einnar konu á hverju ári og til viðbótar höfum við dæmi um að konur og karlar hafi verið miskunnarlaust kærð fyrir að skýra frá ofbeldinu.

Stígamótum barst nýlega bréf og með því fylgdu 100.000 krónur frá konu sem kys að láta ekki nafns síns getið. Hún sagði:

"Ég er fulltrúi fjöldans, fjölda sem ekki sættir sig við að dómstólum sé beitt í hvítþvotti karla sem hata konur. Ég er fulltrúi þeirra sem er bæði ljúft og skylt að láta fé af hendi rakna til þess að standa vörð um kynfrelsi kvenna, frelsinu til að greina frá reynslu sinni og afleiðingum ofbeldis."

Til viðbótar má geta þess að tvær aðrar konur hafa óskað eftir að afhenda okkur fjármuni sem þær vilji að renni í Sannleikssjóðinn. Það eru þær Sigrún Bragadóttir og Guðný Rós Vilhjálmsdóttir.“ Stofnfé

Sannleikssjóðsins er kr. 183.000 kr. og bankaupplýsingar eru 0101-15-383583, kennitala Stígamóta er 620190-1449.

Ársskýrsla var kynnt þann 3. apríl

Að venju var haldinn blaðamannafundur þegar ársskýrsla ársins 2012 var kynnt fjölmiðlum. Líkt og fyrri ár fékk hún góða umfjöllun og minnti fólk á að mikið verk væri óunnið í málaflöknum.

Sjálfs hjálparstarfið

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Stuðningur starfskvenna Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldi. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala heldur fer umfangsmikið ráðgjafarstarf einnig fram í gegnum síma og tölvupóst.

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins sem og á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beitt. Fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma.

Margir velja að taka þátt í starfi sjálfs hjálparhóps eftir einstaklingsviðtöl en aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf. Leitast hefur verið við að koma til móts við fólk sem ekki á þess kost að sækja þjónustuna. Þannig fóru starfskonur í Kvennafangelsið, heim til fatlaðs fólks og í heimsókn á geðdeildir auk þess sem Stígamót buðu upp á viðtöl á Egilsstöðumhálfsmánaðarlega.

15 sjálfs hjálparhópar voru starfræktir á árinu

Frá upphafi hafa sjálfs hjálparhópar verið mikilvægir í starfsemi Stígamóta. Boðið er upp á hóp fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum en einnig hafa nokkrir karlahópar verið starfræktir. Í þessum hópum koma brotapolar saman til að sækja sér styrk til þess að takast á við vandamálin sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfsefning. Hóparnir hittast 15 sinnum, í þrjá tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar.

Hópastarfið var einstaklega öflugt á árinu, en alls voru starfræktir 15 sjálfs hjálparhópar. Þátttakendur í þeim voru um 70 einstaklingar af báðum kynjum. Auk níu hefðbundinna kvennahópa voru starfræktir tveir svana hóparnir fyrir konur sem vildu vinna úr vændisreynslu. Karlahóparnir voru tveir og einn hópur var starfræktur í tilraunaskyni hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Þá var einn framhaldshópur starfræktur á árinu.

Leiðbeinendur voru þær Anna Þóra Kristinsdóttir, Anna Bentína Hermansen, Guðný Halldórsdóttir, Sólveig Höskuldsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Björg G. Gísladóttir, Björg Sveinbjörnsdóttir, Ásgerður Jóhannesdóttir, Tanja Valdimarsdóttir, Hildur Birna Gunnarsdóttir, Kristín Hákonardóttir, Særún Ómarsdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir. Halldóra Halldórsdóttir starfskona Stígamóta og myndmeðferðarfræðingur heimsótti 11 hóp og kynnti þeim myndmeðferð.

Hið árlega leiðbeinendanámskeið var haldið dagana 28.-29. sept. og sóttu það um tuttugu konur. Að auki voru haldnir mánaðarlegir leiðbeinendafundir þar sem leiðbeinendur gátu sótt styrk og leiðsögn.

12 sporahópar hafa af og til verið starfræktir á Stígamótum. Þann 4. september var starfsemi þeirra endurvakin eftir nokkurra ára hlé.

Um Svanahópinn



Dorit Otzen handleiðari Stígamóta í vændismálum

Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur ásamt fleiri Stígamótakonum starfrækti svokallaðann Svanahópa hjá Stígamótum.

Svanahópurinn er hópur fyrir konur sem hafa verið í vændi eða eru í vændi og vilja komast út úr því. Hópurinn var byggður upp að danskri fyrirmynd en samskonar hópar eru starfandi í Danmörku og í Noregi.

Aðal markmiðið með hópnum var að styrkja sjálfstraust og vinna úr þeim afleiðingum sem vændi getur haft í för með sér. Bæði leiðbeinendur og þátttakendur voru einstaklega ánægðir með árangurinn.

Stígamót fyrir fólk utan höfuðborgarinnar

Verkefnið Stígamót á staðinn, sem hófst árið 2006 fólst í því að senda ráðgjafa Stígamóta fljúgandi, keyrandi og siglandi til fjarlæggra landshorna. Boðið var upp á reglubundna ráðgjöf og hurfu ráðgjafarnir svo í burtu með leyndarmálin. Alls staðar þar sem boðið var upp á slíka þjónustu komust færri að en vildu. Verkefnið lagðist af við efnahagshrunið 2008 en árið 2011 hófst endurreisnin.

Á árinu var haldið úti þjónustu fyrir Austfirðinga, en Anna Bentína Hermansen bauð upp á hálfsmánaðarleg viðtöl á Egilsstöðum.

Þjónusta við konur í vændi

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólki í klámiðnaði sé ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þessa einstaklinga velkomna til okkar.

Þar að auki var boðið upp á þátttöku í sjálfshjálparhópi og búsetu í Kristínarhúsi athvarfi Stígamóta fyrir konur sem verið hafa í vændi eða seldar hafa verið mansali.

Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar, aðstandendur og fagfólk hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við hafi þau grun um að börn sem þeim tengjast hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er ávallt veitt ráðgjöf en jafnframt bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við Barnahús eða lögreglu. Þegar mál eru þekkt af barnaverndarstarfsfólki og/eða foreldrum eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta.

Kristínarhús 2013



Lítill íbúi í Kristínarhúsi ásamt starfskonu

Árið 2013 var viðburðaríkt í Kristínarhúsi eins og árið á undan. Í húsinu dvöldu 11 konur og 5 börn sem deildu, gleði, sorgum og áhyggjum með starfskonum og sjálfboðaliðum. Reyndu starfskonur og sjálfboðaliðar að aðstoða og reyna að láta þeim líða sem best á meðan á dvöl stóð því allar voru þær að koma úr erfiðum aðstæðum. Fyrir utan hið daglega amstur var leitast við að krydda líf okkar kvenna með því að föndra, baka, spjalla, hlæja, fara út að ganga, kaupa ís og fara í bíó. Ein góðan vordag tóku tvær starfskonur sig til leigðu stóran bíl og buðu nokkrum konum og börnum í bíltúr austur fyrir fjall til að skoða Gullfoss og Geysi og varð þetta hin besta skemmtiferð.

Í október 2013 fékk Kristínarhús boðsmiða á MaryPoppins frá Borgarleikhúsinu. Heimiliskonur nýttu sér það ásamt starfskonum og nokkrum sjálfboðaliðum.

Árið 2013 voru gistinætur kvennanna alls 1000 og nýtingin því nokkuð góð. Í Kristínarhúsi er pláss fyrir fjórar til fimm konur í einu, þrjú herbergi voru nær fullnýtt allt árið, flestar dvöldu konurnar í húsinu um nokkurra mánaða skeið. Aldursdreifing kvennanna árið 2013 var frá 18 til 39 ára, 4 íslenskar konur og 7 erlendar, flestar frá Afríku..

Frá upphafi hafa dvalið 27 konur í Kristínarhúsi og 8 börn, 15 erlendar og 12 íslenskar. Þrjár konur fæddu börn á meðan þær dvöldu í athvarfinu og bjuggu þau hér í u.þ.b. ár, nutum við samvista við þessa gullmola og óskum þess að þeirra bíði góð framtíð.

Kristínarhús var tilraunaverkefni til 2ja ára, húsið var opnað 2. September 2011 og var því rekið í rúm tvö ár. Stór ákvörðun var tekin í tveggja ára sögu Kristínarhúss þar sem ákveðið var að loka athvarfinu 1. janúar 2104. Síðustu dvalarkonur yfirgáfu Kristínarhús á Þorláksmessu eða 23. desember 2013.

Starfið með konunum

Kristínarhús var ætlað konum sem eru á leið úr vændi og/eða mansali og vilja fá tækifæri, rými og næði til að byggja sig upp á nýjan leik. Hér á eftir koma 2 töflur (tafla a og b) sem greina frá ástæðu komu í Kristínarhús og því ofbeldi sem konurnar tilgreindu að þær hefðu upplifað.

Tafla a. Ástæða komu í Kristínarhús árið 2013

	Fjöldi
Vildi fá aðstoð til að komast út úr vændi/mansali	5
Grunur um mansal/vændi	2
Er á flóttu undan ofbeldismanni/mönnum	4
Alls	11

Tafla a sýnir að 7 af þeim 11 konum sem dvöldu í Kristínarhúsi árið 2013 leituðu eða var vísað þangað vegna þess þær vildu komast út úr vændi/mansalsi eða þeim var vísað þangað vegna gruns um að þær væru í vændi/mansali.

Tafla b. Kynferðisofbeldi sem konurnar höfðu upplifað

	Fjöldi
Sifjaspell	4
Nauðgun	6
Kynferðisleg áreitni	2
Annað	2
	14

Í töflu þmá sjá yfirlit yfir kynferðisofbeldi sem konurnar nefndu að þær hefðu orðið fyrir einhverntímann á lífsleiðinni en flestar höfðu þær upplifað annarskonar kynferðisofbeldi en vændi. Konurnar höfðu því sumar upplifað fleiri en eina tegund ofbeldis, þess vegna er fjöldi ofbeldistilvika fleiri en konurnar (11). Það er í samræmi viðreynslu Stígamóta en flestar konur sem koma í viðtölvegna vændis eiga jafnframt sögu um annað kynferðisofbeldi, nauðganir eða sifjaspell áður en vændið hófst.

Kristínarhús var fyrst og fremst staður til þess að vinna með afleiðingar vændis, mansals og annars konar kynferðisofbeldis og reyndum við því aðeiga sem best samstarf við önnur meðferðarúrræði t.d. á sviði fíknar og svo geðdeildir, til aðstoða konurnar á heildstæðan hátt.

Í Kristínarhúsi var eftir fremsta megnireynt að styðja og styrkja konurnar, allt frá því að aðstoða þær viðdaglegt líf, hjálpa þeim á vegferð sinni í gegnum hin ýmsu kerfi samfélagsins s.s. varðandi löglega dvöl

í landinu, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og fjárhagsaðstoð og vinna úr afleiðingum ofbeldis. Starfskonur í Kristínarhúsi hjálpuðu til við aðlögun að íslensku samfélagi og samskipti við ýmisskonarfagaðila, aðstoða konurnar að takast á við móðurhlutverkið og koma á nýrri rútínu í lífinu. Einnig fengu allarkonur viðtöl við ráðgjafa á Stígamótum og hjálp við að taka þátt í öðrum virkni úrræðum.

Börn í Kristínarhúsi

Á árinu dvöldu fimm börn í Kristínarhúsi ásamt mæðrumsinum. Öll þessi börn voru af erlendum uppruna oghafa sum verið á miklu flakki á milli landa ásamt mæðrumsinum. Ef til vill var það stærsta og óvæntasta áskoranin viðstofnun Kristínarhúss að gæta hagsmuna barnanna í aðstæðum sem ekkert barn ætti að þurfa að upplifa.

Mæðurnar hafa margar þurft að þola ofbeldi og mikil áföll og eru því oft illa í stakk búna til að sinna þörfum barnasinna. Starfskonur í Kristínarhúsi hafa gert sitt besta til að búa íhaginn fyrir þessi börn sem upplifa oft vanrækslu og rótleysi. Það var bæði gert með því að búa þeim öruggt umhverfi ogeins með því að vinna með Barnavernd Reykjavíkur að því að tryggja þeim góðar aðstæður. Börn íslenskra mæðra komu oftast í reglulega umgengni dvelja yfirleitt ekki með þeim alla daga. Mörg þessarabarna hafa einnig upplifað ofbeldi og þurfa á sérstökumstuðningi að halda.

Sjálfbóðaliðar

Kristínarhús hefur notið krafta fjölda sjálfbóðaliðasem hafa gert Stígamótum kleift að halda útiathvarfinu. Allir sjálfbóðaliðar sóttu fimm kvöldanámskeið áður en þeir hófu störf þar sem farið var yfir ýmis gagnleg atriði varðandi starfið. Sjálfbóðaliðarnir mönnuðu allar kvöld- og helgarvaktir og sinntu ómetanlegu starfi meðkonunum sem dvöldu í Kristínarhúsi. Hlutverk sjálfbóðaliða var að vera til staðar, ljá eyra og veita konunum stuðning auk þess að virkja þær og styrkja. Sjálfbóðaliðar gættu einnig öryggis hússins, fylgdust með því að húsreglum væri framfylgt og svöruðu í síma.

Mánaðarlega voru haldnir sjálfbóðaliðafundir þar sem sjálfbóðaliðar komu saman í Kristínarhúsi á súpufundi og ræddu hvernig starfið gengi. Þar voru tilkynntar nýjungar í starfsemi á árinu, auk þess sem allar fengu tækifæri til að fara yfir bæði ánægjulegar stundir sem og áskoranir sem upp komu á vöktunum. Sjálfbóðaliðarnir tóku að sér ýmis hlutverk t.d. að halda í höndina á konum í fæðingu, aðstoða þær erlendu við að kynnast íslensku samfélagi, passa börn, fylgja þeim í kirkju og á kaffihús, fara með á AA fundi og halda listasmíðjur svo eitthvað sé nefnt.

Sjálfbóðaliðar voru mikilvægur partur af starfsemi og áttu sinn fulltrúa í framkvæmdahópi Stígamóta. Fulltrúi þeirra var Áslaug Hauksdóttir. Verður þessum góðu konum aldrei nógsamlega þakkað fyrir þeirra framlag til starfsemi Kristínarhúss.

Samstarf við stofnanir og félög

Á árinu 2013 áttum við samstarf við hinar ýmsu stofnanir samfélagsins þar sem þær konur og börn sem hjá okkur dvöldu þurftu þjónustu og aðstoð af ýmsum toga. Má þar nefna: Útlendingastofnun, Lögregluna á Höfuðborgarsvæðinu, Lögregluna á Suðurnesjum, velferðarráðuneytið, innanríkisráðuneytið, Barnaverndarstofu og nokkrar barnaverndarnefndir, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar sérstaklega Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Heilsugæsluna í Miðbæ, kvennadeildir og geðdeildir Landspítala Háskólasjúkrahúss, Konukot, Reykjavíkurdeild Rauða krossins og fleiri. Viljum við þakka það góða samstarf sem við áttum og var í þágu þeirra kvenna sem hjá okkur dvöldu. Flestar konur sem komu í dvöl í Kristínarhúsi var yfirleitt vísað til okkar af lögreglu, félagsþjónustu eða heilbrigðiskerfi.

Um lokun Kristínarhúss

Eftirfarandi bréf var sent til samstarfsaðila í lok ársins og er þar skýrð sú stefnubreyting að loka Kristínarhúsi og leggja til aðrar leiðir í stuðningi við konur á leið úr vændi og mansali.

Reykjavík 4.12.2013

Þjónusta Stígamóta við konur í vændi, meðferðarstarfið heldur áfram

Á sl. ári bárust Stígamótum hjálparbeiðni frá 17 konum vegna vændis og til viðbótar frá 13 sem nefndu klám sem ástæðu komu. Að auki fylgdu okkur a.m.k. 20 konur á milli ára sem nýtt hafa þjónustu Stígamóta til þess að vinna úr afleiðingum vændis. Að staðaldri voru því 40-50 konur í viðtölum eða í sjálfshjálparhópum vegna klámiðnaðarins.

Stígamót starfræktu svokallaða Svanahópa að danskri fyrirmynd fyrir þessar konur þar sem sálfræðingur ásamt konu sem sjálf hafði reynslu af vændi leiddu hópastarfið. Þessi starfsemi hefur gengið mjög vel og henni verður haldið áfram. Konur sem grunur leikur á að seldar hafi verið mansali munu verða boðnar velkomnar í slíkt starf hér eftir sem hingað til.

Lokun Kristínarhúss 31. des. 2013;

Rökin fyrir því eru eftirfarandi:

- Eins og þekkt er var ráðist í verkefnið þrátt fyrir allt of lítið rekstrarfé fyrir tveimur árum síðan. Launuð vinna í húsinu hefur numið einu og hálfu stöðugildi ásamt næturvakt, en leigjandi í kjallara hússins sér um þær að mestu. Treyst var á þjálfaða sjálfboðaliða og í tvö ár hafa starfskonur verið á stöðugum bakvöktum sem greitt hefur verið fyrir með 5000 kr. á sólarhring á virkum dögum og 10.000 kr. um helgar. Útköll hafa verið regla fremur en undantekning og oftast hefur ekki verið greitt fyrir þau. Um er að ræða óforsvaranlegt álag á starfsfólk fyrir sýmbólisk laun og hefur það aðeins gengið vegna einlægs áhuga starfskvenna. Til þess að reksturinn væri forsvaranlegur þyrfti mun meira fjármagn að koma til. Til viðmiðunar má geta þess að rekstrargjöld Kvennaathvarfsins voru árið 2012 kr. 67.384.310 kr. Viðmiðunin er eðlileg þar sem mesti kostnaðurinn felst í að manna sólarhringsvaktir. Við leggjum þó ekki til að rekstrarfé verði aukið heldur verði séð til þess að leysa vanda kvennanna á annan hátt.
- Í ljós hefur komið að þær konur sem dvalið hafa í Kristínarhúsi hafa átt við að eiga margþættan vanda og því hefur vændi og mansal orðið annars flokks vandamál. Konurnar hafa margar verið á rúntinum á milli geðdeilda, meðferðar, Konukots, hælisleitendakerfisins á Suðurnesjunum, leiguíbúða á vegum velferðarþjónustunnar, Kvennaathvarfsins og götunnar. Þannig hafa 13 af 26 konum átt við geðræn vandamál að stríða og því átt erfitt með að takast á við annan vanda. 15 hafa barist við erfiða fíkn. Nærri allar konur sem átt hafa börn í húsinu voru annað hvort búnar að missa þau frá sér fyrir komu eða þurftu að sæta því að starfskonur Kristínarhúss tilkynntu um alvarleg barnaverndarmál. Í þremur tilfellum voru börn fjarlægð a.m.k. tímabundið.

- Það sýndi sig á sl. tveimur árum að í nokkrum tilfellum var ekki æskilegt að hýsa saman hóp af konum sem eru svona illa staddar. Við höfum of mörg dæmi um það hvernig vandinn gat magnast upp á milli kvenna og mikil spenna gat myndast í húsinu.

Þær erlendu konur sem í húsinu hafa búið voru nokkrar enn undir hæl þeirra sem stóðu á bak við veru þeirra hér á landi, þær íslensku hafa tengst landsþekktum brotamönnum og skipulögðum glæpasamtökum. Það hefur gengið misvel að keppa við þá um konurnar og spurning hversu langt eigi að ganga. Reynslan hefur kennt okkur að meðferð geti verið árangursríkari þegar konur þurfa að sækja sér hana án þess að vera uppá meðferðaraðila komnar með húsnæði, framfærslu og án þess að meðferðaraðilar þurfi að setja þeim reglur eða mörk af einhverju tagi..

- **Umfang starfsins**

Í húsinu hafa dvalist 26 konur og 12 börn. 15 íslenskar og 11 erlendar . Frá opnun hafa að meðaltali dvalið 3, oftar 4 konur í einu. Þær sem lengst hafa dvalið hafa búið hjá okkur í meira en ár.

- **Framtíðarúrræði**

Stígamót munu tryggja að engar konur lendi á götunni við lokun heldur verða þær aðstoðaðar við að finna önnur úrræði í samráði við aðra viðeigandi aðila. Við höfum rætt við innanríkis- og félagsmálaráðherra og starfsfólk ráðuneytanna um þessar breyttu aðstæður, auk fulltrúa borgarstjórnar og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Erlendu konurnar hafa flestar verið hælisleitendur og eiga rétt á búsetu innan þess kerfis. Aðrar konur uppfylla auðveldlega skilyrði fyrir búsetu inn á áfangaheimili fyrir konur sem verið hafa í neyslu, inn í leiguhúsnæði með tengslum við stuðningsteymi, í úrræði tengd geðheilbrigði. Í neyðartilvikum er Kvennaathvarfið rétti staðurinn þar sem athvarfið hefur allt aðra aðstöðu en boðið var upp á þegar Kristínarhús var opnað. Konukot er jafnframt neyðarúrræði sem við höfum vísað konum á sem eru í virkri neyslu og treysta sér ekki til þess að taka á móti meðferð og hjálp.

Hafa þarf í huga að stuðningur við konur á leið úr vændi og mansali þarf að vera miklu meiri en sem nemur húsnæði. Það er nauðsynlegt að þeir aðilar sem koma að málum kvenna sem seldar hafa verið mansali eða koma úr vændi, séu í virku samstarfi og að tryggt sé að þær fái viðeigandi þjónustu. Eftir að sérfræðinga- og samhæfingarteymi um mansal var lagt niður, eru engar beinar boðleiðir á milli aðila og ekki samhæfð viðbrögð. Þrátt fyrir aðgerðaáætlun um mansal eru verkferlar enn ekki skilgreindir og virkir. Úr þessu er brynt að bæta og því óska Stígamót eftir sem bestu samstarfi við þá aðila sem að mansali koma.

Með vinsemd og virðingu

Guðrún Jónsdóttir

talskona Stígamóta

Pólitískt samfélagsstarf



Markmið Stígamóta hafa frá upphafi verið tvíþætt. Annars vegar að bjóða upp á þjónustu við fólk sem beitt hefur verið ofbeldi og hins vegar að gera það sem hægt er til þess að stöðva ofbeldi, auka fræðslu, bæta lagaumhverfi og bæta úrræði fyrir brotþola.

Afhjúpanir á stórvirkum kynferðisbrotum

Það setti mark á starfsemi Stígamóta að í byrjun janúar var afhjúpaður einhver stórvirkasti kynferðisbrotamaður sem vitað er um á Íslandi, Karl Vignir Þorsteinsson. Afhjúpanirnar komu til vegna þess að þær Erna Agnarsdóttir og María Haraldsdóttir sem Karl Vignir hafði beitt ofbeldi í æsku, heimsóttu hann og tóku upp játningar hans. Fréttabátturinn Kastljós birti játningarnar og mikil fjölmiðlaumræða fór í gang og tóku Stígamót fullan þátt í henni.

Í kjölfarið rigndi inn hjálparbeiðnum til Stígamóta og allra annarra aðila sem eiga aðkomu að kynferðisbrotamálum. Bæði frá fólki sem Karl Vignir hafði beitt ofbeldi, en líka frá öðrum sem vonuðust eftir að fá viðurkenningu á að á þeim hefði verið brotið.

Aldrei hefur myndast önnur eins bið eftir viðtölum, þrátt fyrir að reynt væri að forgangsraða eftir bestu getu. Þegar verst lét, var meira en tveggja mánaða bið eftir viðtölum. En síðan hjaðnaði umræðan og eftirspurn eftir viðtölum var komin í eðlilegt horf þegar líða tók á vorið.

Fræðsla, fyrirlestrar og heimsóknir

Alla tíð hafa fræðsla og forvarnir verið mikilvægir þættir í starfseminni og þannig var það líka á síðasta ári. Í gegnum tíðina hefur það sýnt sig að ungt fólk vill fræðslu um ofbeldi og vill leggja sitt af mörkum til þess að stöðva það og bregðast við því.

Skólarnir komu oft við sögu á árinu. Krakkarnir í 8., 9. og 10. bekk Réttarholtsskóla fengu fræðslu um ofbeldi og seldu í framhaldinu bókamerki til stuðnings starfinu. Áhuginn var svo mikill að heyra mátti saumnál detta á meðan áfræðslu stóð. Starfsbraut Flensborgarskóla fékk fræðslu, íþróttافرæðinemar í HR, Flensborg, Fjölbraut í Ármúla og Fjölbraut í Breiðholti fékk nokkra fyrirlestra, Vatnsendaskóli, Snælandsskóli, læknanemar, ljósmyndanemar í Tækniskólanum og Steinunn fór í Kvinnaskólann og tók þátt í að vera lifandi bókasafn. Talskona Stígamóta var með nokkra fyrirlestra fyrir félagsráðgjafarnema og margir úr hópi verðandi félagsráðgjafa heimsóttu Stígamót í tengslum við rannsóknarverkefni. Mentor félag félagsráðgjafarnema kom í vísindaferð til þess að kynna sér starfið. Mastersnemar í viðskiptafræði könnuðu rekstrargrundvöll Stígamóta, nemi í mannauðsstjórnun kynnti sér starfið og slíkt hið sama gerði nemi sem var að skrifa mastersritgerð um fjölmiðla og ofbeldismenn. Jafningjafræðslan mætti í sína árlega heimsókn og það sama gerðu konur úr Kvinnasmiðjunni.

Ýmis félagasamtök óskuðu eftir fyrirlestrum og fræðslu. Má nefna Rotaryklúbbinn Borgir, Business and Professional Women's Club, Samhjálp, og söfnuði á Suðurlandi. Blindrafélagið óskaði eftir ráðum vegna gerðar aðgerðaáætlunar gegn ofbeldi.

Félag leikskólastjóra óskaði eftir því að talskona Stígamóta tæki þátt í panelumræðum eftir sýningu á kvikmyndinni Jagten sem fjallar um ófaglega meðferð á leikskóla þegar upp kom grunur um kynferðisofbeldi. Aðdáunarverð viðbrögð við mjög vel gerðri kvikmynd.

Anna Bentína Hermansen flutti ávarp í Kærleiksgöngunni þann 14. febrúar á Lækjartorgi.

Embla Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir hjá NPA miðstöðinni boðuðu Stígamótakonur til fundar við sig, sá fundur var ákaflega frjór og skemmtilegur og á þeim fundi fæddist hugmyndin um ráðstefnu um ofbeldi gegn fötluðum.

Fagfólk úr ýmsum áttum óskaði líka eftir fræðslu og samráði. Þann 20. mars heimsóttu 12 deildarlæknar af geðsviði Stígamót og fengu tveggja tíma fyrirlestur um starfið og á eftir voru gagnlegar umræður.

Jón H.B. Snorrason óskaði eftir 2 tíma fyrirlestri fyrir lögreglumenn, sem endaði með fyrirheitum um stóraukið og bætt samstarf.

Kristín Þórunn Tómasdóttir ásamt 19 öðrum kvenprestum heimsótti Önnu Bentínu okkar og fleiri starfskonur, en Anna er sjálf er með BA í guðfræði. Lagt var á ráðin um aukið samstarf og upplýsingastreymi um ástand mála.

Starfsfólks Vesturgarðs óskaði eftir fræðslu sem það að sjálfsögðu fékk. Nína Helgadóttir frá Rauða krossinum kom til fundar um stöðu mansalsmála og hvað vænlegast væri að gera í málaflökknum. Þórunn Þórarinsdóttir tók að sér setu í bakhópi um rannsókn á ofbeldi gegn fötlðu fólki.

Rannveig Þórisdóttir hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu óskaði eftir fundi um framkvæmd rannsókna á því hvernig tekið væri á móti brotaþolum hjá lögreglunni. Einnig óskaði Stefán Eiríksson lögreglustjóri eftir fundi um samstarf sem að sjálfsögðu var fagnað.

Stjórnmalafólk óskaði eftir fundum um málaflökkinn og var þeim vel tekið, hvaðan sem það kom. Þannig var talskona Stígamóta kölluð fyrir allsherjarnefnd tvisvar sinnum á árinu og einnig var hún boðuð á fund við þverfaglega nefnd undir stjórn Ágústs Ólafs Ágústssonar um aðgerðir gegn kynferðisofbeldi.

Ánægjulegt var að borgarstjórn hafði frumkvæði að heimsókn í tengslum við dag sjálfbóðaliða. Borgarstjórn með borgarstjóra í broddi fylkingar heimsótti svo Stígamót þann 11. janúar og var farið yfir helstu áskoranir og möguleika á samstarfi.

Á jafnréttisþingi þann 1. nóv. sat talskona Stígamóta í panel í vinnustofu um kynferðisofbeldi.

Mikið starf fór fram á óformlegum fundum, við eldhúsbörðið á Stígamótum og víðar. Boðað var til fundar í Neðanjarðarhreyfingu Íslenskra kvenna þann 21. september. Þar fór fram dásamleg hugstormun og þar kviknuðu hugmyndir sem eru geymdar en ekki gleymdar.

Erlendir aðilar fundu margir veginn til Stígamóta. Sendiherra Bandaríkjanna Luis Arreaga óskaði eftir því að fá að koma í heimsókn og mætti ásamt aðstoðarmönnum þann 16. janúar og bauð samstarf í mansalsmálum. Frá bandarískum stjórnvöldum kom einnig Ann Dandridge frá Washington skrifstofunni gegn mansali.

FMSO, samtök gegn sífjaspellum í Noregi, höfðu samband og tíu framkvæmdastýrir tíu systursamtaka Stígamóta komu gagnert til Íslands til þess að kynna sér starfsemina. Hópur þýskra félagsráðgjafa kom í sama tilgangi.

Erika Erikson norræn framkvæmdastýra Nordisk Forum sem halda á í Malmö 12.-15. júní árið 2014 kom til Íslands til þess að kynna ráðstefnuna. Hún óskaði sérstaklega eftir fundi á Stígamótum og bauð talskonunni að halda erindi.

Fagteymi um flóttamenn í Tromsø heimsótti Stígamót og fékk 4 tíma námskeið um hugmyndafræði og starfsaðferðir Stígamóta.

Vinnuhópur Sameinuðu þjóðanna um afnám alls ofbeldis gegn konum sendi eftirlitsnefnd til Íslands. Hópurinn hefur að markmiði að bera kennsl á, stuðla að og skiptast á skoðunum um góðar aðferðir til að koma í veg fyrir lagalega mismunun gegn konum. Jafnframt ber hópnum að safna saman og birta bestu aðferðir við að koma í veg fyrir slíka mismunun. Áhersla vinnuhópsins á tímabilinu 2013-2014 er á lagalega mismunun gegn konum og aðra efnahags- og félagslega mismunun, sérstaklega að undangenginni efnahagskreppu. Hópurinn heimsótti Stígamót þann 21. maí.

GRETA sendinefnd frá Evrópuráðinu sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með stöðu mansalsmála á Íslandi, heimsótti Kristínarhús þann 1. Október.

Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum rekur jafnréttisskóla SP og hefur árlega heimsótt Stígamót með nemendur frá ýmsum þróunarlöndum og fengið fyrirlestra um ýmislegt sem lýtur að íslenskum feminisma.

Kelly Johnson doktorsnemi í mannfræði við Durham háskólaræddi við talskonu Stígamóta um feminískar aðgerðir á Íslandi. Adrianna Ernstberger frá Purdue háskóla ræddi við ýmsa aðila um tengsl akademíunar og aktivisma.

Lettnesk sendinefnd sem hafði það hlutverk að undirbúa þátttöku Letta í jafnréttisátaki Þróunarsjóðs EFTA og norsku sjóðanna kom til Íslands og óskaði eftir kynningu sem endaði með því að talskonu Stígamóta var boðið til Lettlands að flytja erindi á opnunarráðstefnu átaksins þar í landi.

Professor Shola Orloff kom til Íslands í boði félagsráðgjafardeildar HÍ og heimsótti í leiðinni Stígamót og Janet Elise Johnson, prófessor í stjórnmálafræði við Brooklyn Háskóla fann líka leiðina á Stígamót og fékk viðtal um íslenskan feminisma.

Þátttaka í nefndum og ráðum ásamt öðru samstarfi

Með árunum hefur samvinna við stjórnvöld og aðra aðila aukist mjög og er það af hinu góða. Má nefna að Stígamót eiga ásamt Kvennaathvarfinu einn fulltrúa í Jafnréttisráði. Þetta árið voru stjórnarskipti og um mitt ár tók Stígamót við aðalmannasæti í ráðinu.

Þórunn Þórarinsdóttir var fulltrúi Stígamóta í bakhópi vegna rannsóknar á ofbeldi gegn fötluðum.

Erla Björg Kristjánsdóttir er fulltrúi Stígamóta í nefnd sem hefur það hlutverk að skrifa aðgerðaáætluin um mótun fjölskyldustefnu fyrir Félagsmálaráðuneytið.

Í Sérfræði- og samhæfingarteymi gegn mansali áttu sæti fulltrúar þeirra stofnana og samtaka sem koma beint að mansalsmálum. Talskona Stígamóta og verkefnisstýra Kristínarhúss, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir sóttu þessa fundi. Teymið var lagt niður, en formlegur samstarfsvettvangur var búinn til í staðinn. Fundur var haldinn í Innanríkisráðuneytinu um mansals mál og aðstoð við fórnarlömb þann 18. janúar. Annar fundur var haldinn í ráðuneytinu um svipuð efni þann 27. júní.

Í mörg ár hefur Stígamótum boðist að eiga fulltrúa í íslensku sendinefndinni á kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna í New York. Til að byrja með var kostnaður greiddur en það breyttist eftir bankahrunið. Myndast hefur traust og góð samvinna við starfsfólk utanríkis- og velferðarráðuneyta. Talskona Stígamóta, stóð fyrir dagskrá norrænu kvennaathvarfahreyfingarinnar í boði íslensku fastanefndarinnar. Gréta Gunnarsdóttir sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum bauð einnig talskonunni ásamt fulltrúum alþjóðasamtakanna EqualityNow! til hádegisverðarfundar til þess að fara yfir stöðuna í mansalsmálum.

Talskona Stígamóta ásamt fleiri starfskonum tóku þátt í hinum ýmsu samráðsfundum í innanríkis-, utanríkis- og í velferðarráðuneytinum. Starfskonur tóku þátt í samráðsfundum um klám og um ofbeldi almennt. Samstarf við alþingi var nokkuð og var talskona Stígamóta m.a. boðuð á fund allsherjar- og menntamálanefndar til þess að ræða stefnumótun í ofbeldismálum.

Samstarf við fulltrúa ráðuneyta, borgarstofnanna og við pólitíska fulltrúa bæði í borgarstjórn og á alþingi var gott og nauðsynlegt ef þoka á málum í rétta átt.

Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum

Það er hefð fyrir því á Stígamótum að bjóða mikilvægum samstarfsaðilum í eftirmiðdagskaffi til skrafs og ráðagerða. Á árinu var boðið til tveggja slíkra kaffiboða. Fyrri boðið var haldið með öllum helstu samstarfsaðilum í mansalsmálum. Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, félagsmálayfirvöldum, starfsfólki ráðuneyta og félagsþjónustu fleirum. Annað boð var svo haldið í desember til þess að kynna fyrirhugaðar breytingar á rekstri Stígamóta og lokun Kristínarhúss. Óskað var eftir góðu samstarfi um nýjar og árangursríkar leiðir til þess að þjónusta konur sem seldar hafa verið mansali.

Þar sem ríkisstjórnskipti voru á árinu, var ráðherrum gefinn kostur á að koma sér fyrir í nýju starfi og heimboð til ráðherra tímasett í janúar 2014. Það þótti hins vegarekki fært að bíða með samtöl við ráðherra vegna margra brýnna mála svo fulltrúar Stígamóta heimsóttu bæði Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra og Eygló Harðardóttur félagsmálaráðherra. Fyrirheit voru uppi um sem best og mest samstarf.

Fjölmiðlar



Bein útsending frá opnun Kampavínslúbbs Stígamóta

Hægt er að fletta upp viðtölum og greinum á netinu og inni á heimasíðu Stígamóta www.stigamot.is

Talskona Stígamóta skrifaði líka greinar í Fréttablaðið til þess að brýna Innanríkis- og Velferðarráðherra um að nýta tímann vel á síðustu vikum fyrir kosningar. Settar voru fram hugmyndir um Sérstakan

saksóknara og dómstóla í kynferðisbrotamálum, um stórbætta Neyðarmóttöku vegna nauðgana og ýmislegt annað var tínt til.

Málþing um kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki



Upp úr samtölum Stígamóta og NPA miðstöðvarinnar um kynferðisofbeldi og vegna útkomu skýrslu um rannsókn á ofbeldi gegn fötluðum konum, fæddist hugmyndin um málþing um kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki. Frábært samstarf náðist og það voru að lokum 12 aðilar sem stóðu að ráðstefnunni sem haldin var á Grand hóteli þann 3. október. Auk Stígamóta og NPA miðstöðvarinnar voru það Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum í HÍ, Þroskahjálp, Öryrkjabandalag Íslands, Reykjavíkurborg, Velferðarráðuneytið, Jafnréttisstofa, Kvænnaathvarfið, Þroskaþjálfafélag Íslands, Ás styrktarfélag og Mannréttindaskrifstofa Íslands sem tóku höndum saman. Um 300 manns sóttu ráðstefnuna og voru niðurstöðurnar vel kynntar í fjölmiðlum.

Í lok málþingsins var lesin upp sameiginleg yfirlýsing samstarfsaðilanna um nauðsynlegar aðgerðir.

Yfirlýsing samstarfsaðila vegna ofbeldis gegn fötluðu fólki

Við sem stöndum að málþinginu vitum að kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki er flókinn málaflökkur og að ýmsar brotalamir er að finna þegar kemur að umræðu og úrlausnum. Við krefjumst þess að tekið verði á eftirfarandi atriðum hið fyrsta:

- Mikilvægt er að ungt fatlað fólk fái tækifæri og stuðning til að rækta sterka sjálfsmynd og auka þekkingu á réttindum sínum.
- Þöggun er ríkjandi í málaflöknum og hana verður að rjúfa. Þögguninni er á vissan hátt viðhaldið af skertu aðgengi að félagslegri og réttarfarslegri aðstoð.

- Mikilvægt er að fatlað fólk sé tekið alvarlega og mark tekið á orðum þess þegar það segir frá kynferðisofbeldi.
- Tryggja þarf aðgengi fatlaðs fólks að ráðgjöf vegna kynferðisofbeldis og stuðla að aukinni sérhæfingu innan félagslega kerfisins og stuðningi við samtök og stofnanir sem styðja við brotþola í kynferðisbrotamálum.
- Mikilvægt er að svara kalli fatlaðs fólks eftir aukinni kynfræðslu sem tekur mið af margbreytilegu samfélagi. Fræðsla þarf að taka á fjölmörgum þáttum; allt frá öryggi og mörkum í kynlífi, einkennum kynferðisofbeldis og viðbrögðum, til þess hvað einkennir góð samskipti og kynlíf í góðum parasamböndum.
- Áframhaldandi rannsóknir á ofbeldi gegn fötluðu fólki skipta höfuðmáli. Niðurstöður rannsókna sýna að fatlað fólk er í aukinni áhættu á að verða fyrir kynferðisofbeldi og er síður líklegt til að nýta sér þá aðstoð sem í boði er fyrir þolendur ofbeldis.
- Niðurstöður rannsókna má nota til að bæta verklagsreglur um meðferð mála, en slíkar reglur þurfa einnig að uppfylla kröfur Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- Ljóst er að starfsfólk hefur mikil áhrif á daglegt líf fatlaðs fólks. Mikilvægt er að efla fræðslu um kynferðisofbeldi til yfirvalda, embættismanna, fagstétta, starfsfólks og annarra aðila sem koma að skipulagningu og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk.
- Mikilvægt er að fatlað fólk fái bæði vald yfir og viðeigandi stuðning í daglegu lífi svo draga megi úr aðgreiningu fatlaðs fólks í samfélaginu. Rannsóknir sýna að aðgreind úrræði auka líkur á því að fatlað fólk verði fyrir kynferðisofbeldi.

Við treystum á að málþingið sé aðeins fyrsta skref í langri og góðri vegferð sem stuðli að aukinni umræðu og samfélagslegri vitund um kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki.

Fræðsluerindi á Stígamótum

Þær Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir héldu erindi á Stígamótum þann 29. apríl um niðurstöður rannsókna þeirra á meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu. Fjölmennt var á Stígamótum þann dag og umræður góðar.

Janice Raymond professoremerita gaf í byrjun sumars út bókina „Ekki valkostur, ekki vinna“. Í bókinni hrekur hún goðsagnirnar um karla sem kaupa konur í vændi. Janice er góðvinkona Stígamóta og hélt erindi í frikirkjusalnum þann 2. sept. Hún hefur tvisvar áður verið gestur okkar á mikilvægum ráðstefnum og hefur lagt mikið af mörkum í baráttunni gegn vændi og mansali.

Baráttan við klámiðnaðinn

Á Stígamótum hefur það lengi verið ljóst að klám, vændi og mansal eru þrjú andlit af svipuðu ofbeldi. Margir sætir sigrar hafa náðst í baráttunni gegn klámiðnaðinum á undanförunum árum. Má benda á heilmikla vitundarvakningu, aðgerðir gegn mansali, bann við kaupum á konum og lokun strippklubbanna. Það er þó ljóst að sala á konum er arðbær tekjulind og eftirspurning mikil. Því mátti búast við að prófaðar yrðu nýjar leiðir til þess að endurvekjá klámbransann. Í júlí hafði blaðamaður samband við Stígamót og óskaði eftir viðbrögðum við opnun tveggja kampavínsklúbba í Reykjavík. Í ljós hafði komið að á stöðunum var hægt að kaupa sér einkaaðgang að erlendum konum í tíu mínútur fyrir 20.000 kr. Boðið var upp á að kunnar gætu farið afsíðis og „spjallað við“ konurnar sem sumar hverjar voru frá Slóveníu og töluðu ekki íslensku og litla ensku. Frá Stígamótum komu þau svör að starfsemin minnti óþægilega á klámbúllurnar gömlu og hætt væri við að um væri að ræða vændi og mögulegt mansal. Samdægurs kom bréf frá Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni lögfræðingi nafnlausra klúbbeiganda sem hótuðu málsókn og kröfðust 2 milljóna í miskabætur auk afsökunarbeiðni ef starfskonan myndi ekki draga ummæli sín umsvifalaust til baka. Til þess að gera langa sögu stutta, þá sendu Stígamót frá sér yfirlýsingu vegna málsins.

Fréttatilkynning vegna umfjöllunar um kampavínsklúbba á Íslandi

Stígamót hafa frá því að klámbúllurnar héldu innreið sína til Íslands um síðustu aldamót barist gegn tilvist þeirra og margbent á eðli þeirrar starfsemi sem þar hefur farið fram. Þegar mest var voru reknir 13 strippstaðir á Íslandi og byggðist afkoma þeirra á að selja kynferðislegan aðgang að konum frá fátækari

löndum sem höfðu hér stutta viðkomu. Um aldamótin taldi lögregla að á einu ári hefðu komið hingað að lágmarki 1000 erlendar konur til að starfa á strippstöðunum eða ein kona á hverja 100 íslenska karla 18 ára og eldri. Þær dvöldu hér þó flestar aðeins í einn mánuð í senn, en umferðin var mikil. Á yfirborðinu virtist um saklausa skemmtun að ræða en við nánari skoðun kom annað í ljós.

Ísland hefur fullgilt Palermó-bókunina við samning Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi og líka Samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Samkvæmt skilgreiningum þessara alþjóðlegra samninga báru íslensku strippstaðirnir ýmis einkenni mansals. Til Stígamóta leituðu nokkrar konur sem þar störfuðu og sögur þeirra staðfestu það sem við áður vissum, að klámiðnaðurinn er í eðli sínu ofbeldi gegn þeim konum sem hann byggir afkomu sína á. Dæmi voru um að konur undirrituðu ólöglega starfssamninga, voru lokaðar inni í átta tíma eftir að vinnu þeirra lauk og teknir voru af þeim farniðar. Þær þurftu að keppa sín á milli um að lokka karla afsíðis og því mörg dæmi um vændi í tengslum við starfsemina. Margar voru látnar skrifa undir þagnarsamning um að upplýsa ekki hvað færi fram á stöðunum og oft var þeim stjórnað með háum sektargreiðslum fyrir minnstu yfirsjónir. Dæmi voru um að konur fengu ekki launin sín, ef þær voru taldar hafa brotið samkomulagið.

Þær fjölmiðlakonur sem gerðu tilraun til þess að fletta ofan af því sem raunverulega gerðist á stöðunum með því m.a. að lýsa lífi kvennanna sem þar störfuðu, voru umsvifalaust kærðar og máttu greiða milljónir í vasa klámstaðaeigenda.

Með mikilli og langri pólitískri baráttu fjölmargra aðila, varð vitundarvakning sem leiddi til þess að hinn svokallaði einkadans var bannaður. Við það fækkaði stöðunum úr þrettán í þrjá og segir það sína sögu um á hverju rekstrargrundvöllur staðanna byggðist. Árið 2009 voru sett lög sem bönnuðu kaup á vændi og árið 2010 var rekstur nektarstaða bannaður.

Stígamót hafa í tvö ár rekið athvarf fyrir konur sem hafa tengst vændi og mansali. Hjá okkur hafa dvalið 25 konur sem hafa kennt okkur margt um klámheiminn.

Í Fréttablaðinu þann 18. júlí sl. var sagt frá vettvangsskoðun blaðamanna á tveimur kampavínskúbbum í Reykjavík. Samkvæmt þeirri umfjöllun virðast kampavínskúbbarnir svokölluðu eiga sér nokkrar óaðlaðandi hliðstæður við strippklúbbana. Í umfjölluninni kom fram að kaupa mætti tíu mínútna einkaaðgang að erlendum konum fyrir 20.000 krónur. Afvikni staðurinn er lykilatriðið í þessu sambandi, alveg eins og einkadansinn var á strippstöðunum.

Málsókn á hendur þeim sem dirfast að gagnrýna starfsemi staða sem þessara er alþekkt fyrirbæri á heimsvísu og árangursrík leið til þöggunar á því sem þar fer fram. Þannig bita klámkóngar af sér gagnrýni, enda miklir peningar í húfi. Athyglisvert er að hinir nafnlausu kampavínskúbbaeigendur hikuðu ekki við að hóta málsókn á hendur borgarfulltrúanum Björk Vilhelmsdóttur og Steinunni Gyðu- og Guðjónsdóttur, verkefnastýru í Kristínarhúsi.

Önnur föst venja í viðbrögðum klámiðnaðarins við gagnrýni er að í hvert skipti sem sagt er frá því sem kann að eiga sér stað á stöðunum, eru „hamingjusamar“ konur dregnar fram í kastljós fjölmiðlanna og látnar vitna um sína frábæru vinnu. Útgáfan í kvöldfréttum Stöðvar 2 þann 21. júlí, voru hamingjusamar konur sem lýstu því hvernig þær spjalla og syngja og dansa fyrir konur jafnt sem karla á afvikna staðnum. Gagnrýnivert að sýna ekki skemmtiatriðin dýru í fréttatímanum.

Stígamót gleðjast yfir því að borgarfulltrúinn Björk Vilhelmsdóttir skuli standa vaktina, gagnrýna starfsemina og krefjast úttektar á starfinu. Við skorum á alla valdhafa þessa lands, ráðherra, þingmenn, borgarstjórn og lögregluyfirvöld, að skoða vandlega hvað fram fer á hinum svokölluðu kampavínskúbbum og tryggja að konur séu ekki undir nokkrum kringumstæðum seldar á afvikna staði fyrir háar fjárhæðir. Eftir upplýsta umræðu síðasta áratugar væri það mikil uppgjöf og afturför, og við treystum því að komið verði í veg fyrir slíkt.

F.h. Stígamóta,
Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta
Margrét Steinarsdóttir, fulltrúi stjórnar Stígamóta
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, verkefnastýra í Kristínarhúsi – búsetuúrræði Stígamóta

Kampavínskúbbur Stígamóta

Sú staðreynd að klámbúllurnar væru komnar aftur undir nýjum nöfnum var hressilegt bakslag í réttindabaráttu kvenna. Við það varð ekki unað. Konur áttu val um að koma sér fyrir í þolandahlutverkinu eða snúa vörn í sókn.

Send var út meðfylgjandi fréttatilkynning þann 12. Ágúst.

Stígamót opna kampavínskúbb



Hluti af dömum ásamt dyraverði hússins

Á Stígamótum er fjármögnun eilífðarverkefni og ýmislegt hefur verið reynt til þess að tryggja sem faglegastan rekstur. Jafnframt hefur þátttaka í vönduðum menningarverkefnum verið forgangsmál.

Nú telja starfskonur sig hafa fundið leið til þess að sameina þessa tvo þætti starfseminnar. Þær hafa kynnt sér nýjustu strauma og stefnur í skemmtanalífi og fjáröflun og hafa ákveðið að opna glæsilegan kampavínskúbb á Stígamótum fimmtudaginn 15. ágúst kl. 19-22.

Vönduð dagskrá verður í boði, en hún mun öll fara fram afsíðis. Gestum býðst að kaupa sér tíu mínútna einkaatriði fyrir aðeins 20.000 krónur og verður boðið upp á frítt kampavín eins og hver getur í sig látið á meðan atriðin fara fram.

Þar sem um opunarhátíð er að ræða munum við bjóða sérstaklega borgarstjóranum í Reykjavík, lögreglustjóranum, ráðherrum, þingmönnum og borgarfulltrúum á meðan húsrúm leyfir. Föngulegar konur munu bjóða upp á spjall, söng og jafnvel dans, á íslensku, ensku og á Norðurlandamálunum og má geta þess sérstaklega að sumar þeirra eru skráðar í keppnina Ungfrú Ísland 2013.

Þannig mun dr. Guðrún Jónsdóttir eldri fræða fólk um sögu Stígamóta á tíu mínútum og taka nokkur dansspor í leiðinni ef stemning er fyrir því. Þórunn Þórarinsdóttir mun kveða rímur, en hún hefur verið í kór í mörg ár og er með góða rödd. Theodóra treystir sér til þess að kenna fólki að þrjóna lopaslá á tíu mínútum ef fólk drekkur ekki því meira. Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur mun syngja um sjálfshjálparhópa fyrir konur sem stundað hafa vandi. Anna Bentína býður upp á persónulegt og skemmtilegt spjall um nauðganir og þær Guðný og Áslaug munu þylja tölur um aðsókn á Stígamótum undanfarin ár og komast yfir ótrúlega mikið efni á þessum tíma. Sólveig verður með léttu dagskrá um barnaverndarmál tengd vandi.

Ýmislegt fleira verður í boði og mun Halldóra Halldórsdóttir verða tímavörður. Björg Gísladóttir er þokkastýra klúbbsins og mun skapa huggulega stemningu og jafnvel flytja ljóð. Guðrún Jónsdóttir mun taka á móti gestum og mun geta boðið upp á ýmis sértílböð.

Í kampavínskúbbnum tökum við jafnt á móti konum og körlum og munum leitast við að láta fólki líða sem best.

Verið öll hjartanlega velkomin
Skál!

Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Borgarstjóri, borgarfulltrúar og þingmenn þáðu boðið ásamt fjölda stuðningsfólks Stígamóta sem ekki lét gott boð framhjá sér fara. RÚV sendi tökubíl og sent var út beint í sjö fréttum sjónvarpsins frá opnuninni. Hér má sjá fréttina á netinu: <https://vimeo.com/73817019> Aðrir fjölmiðlar gerðu málinu góð skil.

Öllum mátti ljóst vera hvað raunverulega fór fram á kampavínsklúbbunum. Það ánægjulegasta var þó að síðar um haustið var klúbbunum lokað. Á einum klámstaðnum voru 5 menn settir í varðhald vegna milligöngu um vandi og þrír menn kærðir fyrir kaup á vandi. Björk Vilhelmsdóttir flutti á þingi frumvarp um að loka bæri þessum stöðum.

Viðurkenningar Stígamóta árið 2013



Einn af hápunktum ársins á Stígamótum hvert ár er útdeiling á viðurkenningum fyrir framúrskarandi framlag til baráttunnar gegn kynferðisofbeldi. Það var árið 2008 sem fyrstu viðurkenningarnar voru veittar, og því var það sjötta athöfnin sem boðað var til í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar þann 6. desember.

Áður hafa verið veittar ýmis konar viðurkenningar, Réttlætisviðurkenningar, hugrekksviðurkenningar, alþjóðlegar viðurkenningar, samstöðuviðurkenningar, viðurkenningar til kvenna sem hafa ögrað viðteknum gildum, jafnréttisviðurkenningar og fleiri mætti nefna.

Stígamót hafa tekið sér það frelsi að skilgreina hvað vel hefur verið gert og stundum hefur konum verið hampað sem unnið hafa þrekvirki, án þess að hafa komist í kastljós fjölmiðlanna. Viðurkenningar ársins 2013 voru veittar eftirtöldum aðilum:

Forvarnarviðurkenningar Stígamóta árið 2013

Brynhildur Björnsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir.

Fræðsla og vitundarvakning eru áhrifamestu leiðirnar til þess að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi. Á árinu 2013 fengu um 95% unglunga í tíundu bekkjum þessa lands að sjá fræðslumyndbandið „Fáðu já“ en myndbandið er hugsað sem forvörn gegn nauðgunum. Skilaboðum er beint til þeirra sem gætu hugsanlega framið kynferðisofbeldi, það er að sjálfsögðu ábyrgasta og áhrifamesta forvörnin.

Handritshöfundar eru þau Brynhildur Björnsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir og var verkið unnið fyrir verkefnisstjórn þriggja ráðuneyta um vitundarvakningu. Myndbandið, sem er til þess fallið að opna umræðu og vekja spurningar um heilbrigð samskipti, fékk góða dóma unglunganna. Höfundarnir eiga heiður skilinn fyrir kærkomið, vel unnið og þarft fræðslufni.

Sannleiksviðurkenningar Stígamóta árið 2013

Erna Agnarsdóttir og María Haraldsdóttir

Á árinu 2013 varð sprenging í aðsókn hjá öllum þeim íslensku aðilum sem vinna með kynferðisofbeldi, þar á meðal hjá Stígamótum. Ástæðan var einföld, einstök afhjúpun á einu af umfangsmestu kynferðisbrotamálum sem þekkt eru á Íslandi. Þegar viðurkenning fékkst á að brotin hefðu verið framin, vakti það von og þrá í brjóstum margra um sambærilegt réttlæti.

Afhjúpanirnar má þakka baráttukonunum Ernu Agnarsdóttur og Mariu Haraldsdóttur sem ekki sættu sig við órétt heldur unnu sér ekki hvíldar fyrr en þær höfðu fengið fram játningu í málinu og komið henni á framfæri til fjölmiðla. Fyrir það eiga þær heiður skilinn.

Tryggðarviðurkenning Stígamóta árið 2013

Theodóra Þórarinsdóttir

Hið fjölbreytta grasrótastarf Stígamóta væri óhugsandi ef ekki kæmu að því margar konur á ólíka vegu. Þar bera mesta ábyrgð starfskonur, leiðbeinendur og framkvæmdahópur auk ótal baráttukvenna sem lagt hafa ýmislegt til.

Á enga er hallað þó bent sé á að Teddý hefur gengt öllum þessum hlutverkum með miklum sóma og lengur en nokkur önnur kona í sögu Stígamóta. Hún hefur verið virk í starfi á ólíka vegu megnið af þeim tíma sem Stígamót hafa starfað. Hún hefur verið ötul við að hrósa, styðja og hvetja starfskonur og gjarnan glatt þær með smágjöfum á tyllidögum. Hún hefur mætt samviskusamlega á flestar þær samkomur sem boðið hefur verið til og síðast en ekki síst, skrifað fleiri fundargerðir en nokkur önnur Stígamótakona. Fyrir sína einstöku trygð við Stígamót á Teddý skildar miklar þakkir.

Fjölmiðlaviðurkenning Stígamóta árið 2013

Fréttaskýringarþátturinn Kastljós

Á árinu 2013 varð sprenging í aðsókn hjá öllum þeim íslensku aðilum sem vinna með kynferðisofbeldi, þar á meðal Stígamótum. Ástæðan er einföld. Einstök afhjúpun á einu af umfangsmestu kynferðisbrotamálum sem þekkt eru á Íslandi. Þegar viðurkenning fékkst á að brotin hefðu verið framin, vakti það von og þrá í brjóstum margra um sambærilegt réttlæti og fólk undi ekki lengur við óréttinn sem það hafði verið beitt.

Fréttarþátturinn Kastljós sýndi dirfsku í fréttamennsku í umfjöllun um málið og fylgdi því eftir með ítarlegum umfjöllunum sem höfðu geysileg áhrif. Sú fréttamennska er til fyrirmyndar og fyrir hana á Kastljósið heiður skilinn.

Jafnréttisviðurkenning Stígamóta árið 2013

Knúzið

Það var alveg rétt hjá Gunnari Hrafn Hrafnbjargarsyni að „alnetið þarf knúz miklu oftar. Annars breytist það í vígvöll“. Í minningu hans varð feminíska vefritið Knúzið til sem haldið er úti af stórum hópi öflugs hugsjónafólks.

Knúzið fjallar um málefni kynjanna í víðu samhengi og kynferðisofbeldi er algengt umfjöllunarefni miðilsins. Kærkomin, róttæk, frjó og gagnrýnin umræða sem sannarlega er til þess fallin að auka skilning á jafnrétti og eyða órétti. Fyrir umræðuna á Knúzið heiður skilinn.

Jafnréttisviðurkenning Stígamóta árið 2013

Stefán Ingi Stefánsson

Stefán hefur í mörg ár verið einn af mikilvægum ráðgjöfum og samstarfsaðilum Stígamóta. Alltaf lagt gott til, sýnt mikinn áhuga, hvatt og komið með mikilvægar hugmyndir sem nýst hafa til góðs.

Hann hefur líka staðið fyrir mikilvægri úttekt á kynferðisofbeldi gegn börnum á Íslandi og samstarfi ólíkra aðila um málaflökkinn. Hann hefur lagt mikið á sig til þess að stofnað verði Ofbeldisvarnaráð sem nú virðist geta orðið að veruleika fyrr en síðar.

Svo er hann Stefán bara svo mikill sjarmör og hvers manns hugljúfi að það er einstakt ánægjuefni að heiðra hann.

Réttlætisviðurkenningar Stígamóta árið 2013

Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir

Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna Navanethem Pillay, hefur sagt að helsta brotalömin í mannréttindamálum á Íslandi sé meðferð kynferðisbrotamála í réttarkerfinu. Allt hugsandi fólk tekur undir þær áhyggjur. Æpandi fá mál enda með dómi en við það er ekki hægt að una í réttarríki sem líkt er við jafnréttisparadís.

Rannsóknir eru ein af forsendum skilnings og upplýstra ákvarðana um kynferðisofbeldi. Það er því sérlega ánægjulegt að þær Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir skuli hafa birt vandaða rannsókn á meðferð réttarkerfisins á nauðgunarmálum. Megi sú rannsókn vera upphafið að frekari rannsóknum og verða til þess að úrbætur verði gerðar á meðferðinni. Hafi fræðikonurnar þökk fyrir vandaða vinnu.

Alþjóðastarf

Stígamót eru virkir þátttakendur í norrænum, Evrópskum og alþjóðlegum samtökum. Því fylgir bæði vinna, en fyrst og fremst sú góða tilfinning að við fylgjumst með því stefnum og straumum, séum upplýstar og leggjum eitthvað að mörkum til þess að bæta heiminn.

Söfnun samræmdra upplýsinga um ofbeldi á heimsvísu

Einn af ávöxtunum af því að alþjóðlega kvennaathvarfahreyfingin hefur nú sameinast, er að nú er verið að leitast við að safna tölfraðiupplýsingum um ofbeldi á heimsvísu. Jan Reimer frumkvöðullinn að stofnun samtakanna hefur staðið fyrir upplýsingasöfnuninni síðastliðin 6 ár. Í hverju þáttökulandi hafa kvennasamtökin safnað tölfraðiupplýsingum einn dag á ári. Kannað er hversu margar konur hafa leitað hjálpar, hversu margar fá ekki hjálp, hversu margar eru barnshafandi o.s.frv. Á Íslandi safnaði Anna Þóra þessum upplýsingum frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni, Aflinu og Sólstöfum.

Niðurstöður úr upplýsingasöfnun árisins 2013, liggja enn ekki fyrir þegar ársskýrslan var skrifuð. En árið 2012 fór gagnasöfnunin fram í 44 löndum. 106.108 konur og börn leituðu hjálpar hjá athvörfum þessara landa. Af 67.484 konum voru 1133 barnshafandi. Af þessum hópi var 8.148 konum og 4.385 börnum snúið tilbaka vegna plássleysis. Í þremur af þáttökulöndunum voru engin athvörf til.

Istanbúlsáttmálinn og mælikvarði á stöðu nauðgunarmála (EWL)

European Women's Lobby (EWL) eru stærstu regnhlífarsamtök kvennahreyfinga innan Evrópusambandsins. Þó Ísland sé ekki í Evrópusambandinu, hefur það ekki hindrað þátttöku Stígamóta í störfum samtakanna. Við höfum unnið með þeim að ýmsum stórum og skemmtilegum verkefnum í gegnum árin. Innan EWL er til ofbeldisvöktunnarráð, en í því eiga sæti sérfræðingar í ofbeldismálum frá 22 löndum Evrópu, fyrir hönd Stígamóta hefur Guðrún Jónsdóttir tekið þátt í starfinu.

Á árinu lögðum við mikla áherslu á að Istanbúlsáttmálinn um afnám ofbeldis gegn konum yrði fullgiltur og tæki gildi í Evrópu. Sáttmálinn var kynntur og undirritaður fyrst árið 2011, m.a. af Íslandi. Sáttmálinn er það samkomulag sem nær lengst af þeim alþjóðasáttmálum sem til eru á og gerir mestar kröfur til aðildarríkjanna um aðgerðir og ábyrgð. Hann skuldbindur ríkin til þess að stöðva ofbeldi, vernda borgara gegn því og refska þeim sem gerast brotlegir um ofbeldi. Aðildarríkjunum ber að aðlaga lagaumhverfi að kröfum samningsins og hanna nothæfar leiðir til þess að uppfylla skilyrði hans. Í sáttmálanum eru þau nýmæli að rík áhersla er lögð á ábyrgð ríkja til þess að vernda borgara og tryggja þeim réttlæti.

Nauðgunarvögin

Istanbúlsáttmálinn hefur verið kallaður hin gullni mælikvarði á stöðu ofbeldismála. Ofbeldisvöktun EWL, ákvað að kanna hvernig staða nauðgunarmála væri í aðildarríkjunum, borið saman við lágmarkskröfur Istanbúlsáttmálans. Gerð var úttekt á lagaumhverfi og gagnaöflun um nauðganir.

Í jafnréttisparadísinni á Íslandi eigum við enn langt í land með að uppfylla lágmarkskröfur um lagaumhverfi. Íslensk ákvæði um nauðganir gera enn ráð fyrir þvingunum og ofbeldi, en ef mannréttindasjónarmið Istanbúlsáttmálans eru höfð til viðmiðunar ættu íslensk lagaákvæði að byggja á samþykki og kynferðislegu sjálfræði alls fólks.

Varðandi gagnasöfnun um nauðganir, eigum við líka eftir að bæta okkur mikið. Gerðar hafa verið nokkrar rannsóknir á tíðni nauðgana á Íslandi. En lágmarksviðmið Istanbúlsáttmálans gera ráð fyrir reglulegri upplýsingaöflun um bæði brotaþola og ofbeldismenn. Safna á upplýsingum um kyn, aldur, tegund ofbeldis, samband á milli brotaþola og ofbeldismanns, landfræðilegar upplýsingar með meiru.

Í framhaldi af birtingu niðurstaðna um stöðu nauðgunarmála út frá Istanbúlsáttmálanum, gerði Evrópuráðið samning við EWL um samvinnu í 16 daga áttakinu gegn ofbeldi undir yfirskriftinni „Bregðumst við nauðgunum, fullgildum Istanbúlsáttmálann“ Kvennasamtök gerðu ýmislegt til þess að

þrýsta á yfirvöld um að fullgilda saminginn. Á Íslandi nýtti talskona Stígamóta Jafnréttisþingið þann 1.nóv. til þess að hvetja til fullgildingar. Þar átti hún sæti í panel um ofbeldi og náði til helstu stjórnvalda í málaflokknum. Jafnframt lagði hún til í Jafnréttisráði að ráðið beitti sér til þess að þoka málum áfram.

Alþjóðlegur sérfræðingur í Evrópuverkefni um mansal

Margrét Steinarsdóttir var í gegnum Stígamót ráðin sem sérfræðingur um mansal í samstarfsverkefni Reden í Danmörku og Rúmeníu. Hún fór til Danmerkur og hélt erindi um lagalegu hliðarnar, alþjóðasáttmála og hvernig unnið er hér á landi í málaflokknum.

Jafnréttisverkefni Þróunarsjóðs EFTA og norsku sjóðanna

Það hefur verið einkennandi fyrir árið að viðamikil jafnréttisverkefni Þróunarsjóðs EFTA og norsku sjóðanna eru komin í gang. Noregur hefur varið háum fjárhæðum í jafnréttisstarf í nýju Evrópusambandsríkjunum í Austur Evrópu en einnig í Portúgal og á Spáni. Formlega er Ísland aðili að samstarfinu, en fyrst og síðast er um að ræða norskt fjármagn.

Þau samtök sem sækja um fjármagn í sjóðinn eiga meiri möguleika ef þau vinna í samstarfi við norsk eða íslensk samtök. Þess vegna hefur okkur á Stígamótum borist ótal tilboð um samstarf viðs vegar um Evrópu. Langflestum hefur verið hafnað vegna þeirrar gífurlegu vinnu sem þátttakan myndi kosta starfshópinn.

Þróunarsjóðsverkefnið á Spáni

Talskona Stígamóta hefur verið fulltrúi Íslands í að þróa samstarf Noregs, Íslands og Spánar og því hafa tengst bæði ferðalög og skipulagsvinna. Vinnan hefur m.a. falist í fundum í Madrid og að tengja íslenska aðila við spænska samstarfsaðila, taka þátt í að hanna rannsóknarverkefni og senda Íslendinga út til þátttöku í fundum og ráðstefnum.

Talskona Stígamóta var í Madrid dagana 11.-16. júní, en þá var verkefninu formlega hleypt af stokkunum. Síðar á árinu fór Alda Hrönn Jóhannsdóttir varalögreglustjóri á Suðurnesjunum til Madrid og fræddi opinbera starfsmenn um sérstakt átak lögreglunnar í ofbeldismálum í hennar heimabæ. Erla Björg Kristjánsdóttir starfskona Stígamóta fór á stefnumótunarfund að hitta systursamtök á Spáni í desember. Margrét Jónsdóttir Njarðvík hefur það hlutverk að fylgjast með hvernig Spánverjum tekst að samþætta kynjasjónarmið í verkefnin. Í bígerð er rannsóknarverkefni sem mun felast í að bera saman löggjöf og réttarkerfi í löndunum þremur á sviði kynbundins ofbeldis.

Þróunarsjóðsverkefni í Rúmeníu



Irina Costa, Eni Gall og Steinunn okkar

eða gagnagrunnur til gagns fyrir þátttakendur og jafnframt fyrir almenning. Fyrir áramót fékkst samþykki fyrir verkefninu sem verður unnið árið 2014.

Að vandlega athuguðu máli var ákveðið á Stígamótum að ráðast í samtarf við samtökin A.L.E.G í Rúmeníu. Þar ráða ríkjum frjóar og róttækar konur eins og Camelia Proca sem talskona Stígamóta hafði áður unnið með bæði í stjórn WAVE og í gegnum European Women's Lobby.

Fjármagn fékkst í undirbúningsverkefni til þess að hanna aðalverkefnið. Til Íslands komu þær Eni Gall og Irina Costache og í sameiningu hönnuðum við tvö verkefni sem við sóttum um fjármagn í.

Annað verkefnið heitir „Rjúfum þögnina“ og er þrjúþætt. Í fyrsta lagi felst það í að skipuleggja og virkja kvennasamtök í Rúmeníu innan málaflokksins, setja nafn á vandamálin og bregðast við þeim. Í öðru lagi er hugmyndin að samtökin standi fyrir mánaðarlegum viðburðum, haldin verði tengslafundur þar sem hugmyndafræðin og aðferðir verði til umræðu og þar komi til íslensk reynsla og þekking. Í þriðja lagi er lagt til að búinn verði til þekkingarbanki

Hitt verkefnið er stærra og fjallar um kynferðisofbeldi gegn ungu fólki, vitundarvakningu og að skapa aðstæður fyrir brotþola til þess að vinna úr reynslu sinni. Í það var ekki komið fjármagn um áramót, en ekki er öll von úti ennþá.

Þar er hugmyndin að byggja á yfir tuttugu ára reynslu Stígamóta, sjálfshjálparhugmyndafræðinni og sjálfshjálparhópunum. Í Rúmeníu er kynferðisofbeldi mun meira tabú en á Íslandi og verkefnið því nýmæli þar í landi. Samstarfskonur okkar hafa áhyggjur af því að sé kynferðisofbeldi ekki rætt og á dagskrá, auki það líkur á að lítið verði gert úr vandamálinu og að ofbeldismenn fái vægari dóma. Vitna þær í ný hegningarlög í Rúmeníu þar sem gert er minna úr alvarleika kynferðisofbeldis en áður.

Þróunarsjóðsverkefnið í Póllandi

Þórunn Þórarinsdóttir fór fyrir hönd Stígamóta til Varsjá í Póllandi dagana 15.-17. september þegar jafnréttisverkefni Þróunarsjóðs EFTA var sett í gang. Þar var henni boðið að hitta pólsk kvennasamtök og alla þá aðila aðra sem verkefninu gætu tengst. Stígamót munu þó ekki taka þátt í því samstarfi, til þess höfum við ekki mannskap eða tíma.

Þróunarsjóðsverkefnið í Lettlandi

Fulltrúar Letta heimsóttu Stígamót á haustmánuðum, á ferð sinni um landið til þess að leita uppi ákjósanlega samstarfsaðila.

Talskonu Stígamóta var boðið til Ríga dagana 27.-30. nóv. til þess að halda erindi um íslensku leiðina í jafnréttismálum. Með í för voru fleiri íslenskar konur. Ráðstefnan var haldin tæpri viku eftir að verslunarmiðstöð hrundi í borginni og 54 létust, svo stemningin markaðist að sjálfsögðu af því.



Norrænar konur gegn ofbeldi í New York



Steinunn, Tove, Angela, Gréta, Dorit og Guðrún

Kvennanefndarfundur Sameinuðu þjóðanna var haldinn í byrjun mars og stóð í hálfan mánuð. Megin þemað árið 2013 var ofbeldi gegn konum. Fyrri vikuna er hefð fyrir því að kvennasamtök láti til sín taka og leitist við að hafa áhrif á niðurstöður viðræðna. Stígamót hafa tekið þátt í fundunum síðastliðin tíu ár með ýmsum hætti.

Þetta ár tók talskona Stígamóta að sér að skipuleggja dagskrá Norræna kvenna gegn ofbeldi, en það eru samtök kvennaathvarfa á Norðurlöndunum.

Það er heiður að segja frá því að fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum tók að sér gestgjafahlutverkið, pantaði salinn og Gréta Gunnarsdóttir sendiherra opnaði fundinn. Mikið var lagt í undirbúning og Norræna ráðherranefndin styrkti viðburðinn myndarlega.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir stýrði fundi. Sýnd var heimildarmyndin um samtökin frá árinu 2011 og svo sátu fulltrúar Norðurlandanna í panel og fylgdu eftir myndinni og svöruðu fyrirspurnum fyrir fullum sal áheyrenda.

Sænsku kvennaathvarfasamtökin ROKS stóðu fyrir dagskrá í NY um bann við kaupum á vændi.

Talskona Stígamóta flutti þar erindi ásamt Angelu Beausang formanni ROKS, Dorit Otzen frá Danmörku, Agnetu Ström frá Noregi og Jonasi Trolle frá sænsku lögreglunni. Norma Ramos frá CATW stýrði fundinum.

Á Stígamótum leitumst við alltaf við að „nota ferðina“. Þannig hafði talskona Stígamóta milligöngu um að koma á fundi á milli EqualityNow! og Grétu Gunnarsdóttur fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Sendiherrann bauð til hádegisverðar á meðan feministarnir útskýrðu hvernig hafa þyrfti áhrif á lokaályktun fundarins þannig að hún stæðist okkar kröfur.

CSW57 UN HEADQUARTERS NY
4-15 MARCH 2013



NORDIC WOMEN AGAINST VIOLENCE

WELCOME TO THE SIDE EVENT: THE ROLE OF THE NORDIC WOMEN'S SHELTER MOVEMENT

**MARCH 7TH 2013,
10:00 - 11:15 AM**

**UN BUILDING:
CONFERENCE ROOM D**

The feminist work of 266 Nordic women's shelters will be presented.

A documentary by Halla Elmsdóttir will be screened, followed by a panel discussion with representatives from Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden.

Event host: The permanent Mission of Iceland to the UN
Organised by: Stígarnot – Counselling Center and Shelter in Iceland.
Opening address: Ambassador Greta Connarsdóttir
Moderator: Steinnur Guðjónsdóttir, project manager, Stígarnot, Iceland.

Panelists:
Guðrún Jónsdóttir, spokesperson of Stígarnot, Iceland
Dorrit Otzen, leader of EOUT, shelter for trafficked women in Denmark
Angela Bausang, leader of ROKS – National Organization for Women's Shelters in Sweden
Tove Sæviach, leader of The Norwegian Shelter Movement
Birna Karlsmo, leader of Federation for Mother and Child homes and shelters in Finland



20. ráðstefna Norrænna kvenna gegn ofbeldi í Færeyjum

Dagana 23.-26. ágúst var haldin 20. Ráðstefna norrænu kvennaathvarfahreyfingarinnar í Þórshöfn í Færeyjum. Að þessu sinni var ákveðið að fulltrúi sjálfboðaliða í Kristínarhúsi færi með til þess að upplifa baráttuna í víðara samhengi en bara á Íslandi. Dregið var um það hver færi út og sú heppna var Kolbrún Jarlsdóttir.

Um okkar dásamlega frændfólk á nágrannaeyjunum Færeyjum má margt gott segja, en einhverra hluta vegna eru Færeyingar á eftir okkur í nokkrum mikilvægum mannréttindamálum. Má nefna baráttu samkynhneigðra, baráttu fyrir frjálsum fóstureyðingum og að koma kynferðisofbeldi á dagskrá. Nú er mikil vakning í gangi og helguðu kvennaathvarfasamtökin dagskrána ofbeldi gegn börnum.

Talskona Stígamóta flutti upphafserindið og talaði útfrá tölfraði Stígamóta og sagði frá hugmyndafræðinni og vinnuaðferðunum.

Starfskonur Stígamóta í námsferð til London

Dagana 21.-24. Mars fóru starfskonur Stígamóta í námsferð til London. Ferðin var ákaflega kærkomin hvíld frá hefðbundnum störfum. Álagið hafði aldri verið meira í sögu Stígamóta eftir stóra Karls Vignis málið og starfskonur örþreyttar.

Hópurinn heimsótti Imkaan sem eru baráttusamtök svartra feminista í Bretlandi. Þær hafa látið mikið til sín taka á sviði ofbeldis og tóku vel á móti hópnum. Frjó umræða og ýmsar hugmyndir kviknuðu í heimsókninni.

Miðstöð gegn nauðgunum í Suður London var líka heimsótt og gaman að hlusta á kollegana lýsta því hvernig þær nálgast svipuð mál og Stígamót eru daglega að kljást við.



Starfshópur á góðri stundu ásamt Björgu og Guðbjörgu

Þriðja heimsóknin var svo til Eaves en það eru feminísk samtök sem vinna gegn mansali. Þær hafa bæði stýrt þjónustu við konur sem seldar hafa verið mansali og svo hafa þær gert áhugaverðar rannsóknir tengdar málaflokknum.

Síðast en ekki síst má geta þess hversu gott það var fyrir hópinn að vera saman, borða góðan mat og hitta Björgu Gísladóttur fyrrum samstarfskonu okkar sem á þessum tíma bjó í London.

Stýrihópur Norrænna kvenna gegn ofbeldi

Að þessu sinni fór Þórunn Þórarinsdóttir á árlegan stýrifund Norrænna kvenna gegn ofbeldi í Kaupmannahöfn. Fundurinn var haldinn í byrjun desember, en á honum fara konur yfir það brýnasta í hverju landi fyrir sig, skipuleggja ráðstefnu næsta árs og taka á því sem máli skiptir á hverjum tíma.

Ákveðið var að næsta ráðstefna yrði haldin í Svíþjóð á næsta ári, en einnig voru lögð drög að sameiginlegri dagskrá á Nordisk forum í Malmö 2014. Tók Noregur að sér að halda utanum þá vinnu.

WAVE ráðstefna í Búlgaríu - Mannréttindi eða póstnúmerahappdrætti?

Dagana 8.-13. október hittust fulltrúar evrópsku kvennaathvarfasamtakanna WAVE í Sofía í Búlgaríu. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Að lifa án ofbeldis – eru það mannréttindi fyrir konur og börn þeirra eða er það póstnúmerahappdrætti?“

Guðrún Jónsdóttir situr fyrir Íslands hönd í stjórn samtakanna sem fundaði fyrir ráðstefnuna. Mikil áhersla var á hvernig koma mætti Ístanbúl sáttmálanum í gagnið, hversu mikilvægur hann væri og hvernig við gætum þrýst á stjórnvöld að fullgilda hann.

Stígamótakerlan stýrði vinnuhópi um minnihlutahópa og ofbeldi þar sem áhugaverðar samræður fóru fram um hlut t.d. svartra kvenna og fatlaðra kvenna í kvennahreyfingunni. Það kom á óvart hversu margar konur syndu augljósan rasisma og pírting yfir umræðuefninu.

Stígamótastíllinn í London

Talskona Stígamóta var boðin til London dagana 18.-20. október til þess að vera aðalfyrirlesarinn á ráðstefnu um feminisma og aktivisma sem haldin var af róttækum feminískum fræðikonum í Bretlandi. Ráðstefnan tengdist rannsókn og agðerðum gegn nauðgunum, undir yfirskriftinni „Aðgerðir gegn nauðgunum“ Þátttakendur voru bæði fræðikonur og aktivistar víðs vegar að úr Bretlandi.

Undirbúningshópur fyrir Nordisk Forum í Malmö 2014

Það er ekkert Stígamótum óviðkomandi. Þannig hefur talskona Stígamóta tekið virkan þátt í ískenska undirbúningshópnum fyrir Nordisk Forum sem haldið verður í Malmö í Svíþjóð árið 2014. Markmiðið er að kveikja áhuga hjá 1500 íslenskum konum og fá þær til þess að taka þátt. Sigríður Björg Tómasdóttir var ráðin verkefnisstýra og fyrsti kynningarfundur haldinn þann 22. október.

Stígamót rædd í fjórum háskólum í Indiana

Dagana 11.-17. nóv. var talskona Stígamóta í Indiana fylki í Bandaríkjunum. Fréttin um kampavinsævintýrið hafði ratað til kynjafræðideildarinnar í Purdueháskóla og TJ Boisseau deildarforseti skipulagði fyrirlestraröð í kynjafræðideildum fjögurra háskóla í fylkinu. Skólarnir voru Purdue University (West Lafayettecampus); St. Mary's College at Notre Dame (South Bend); Purdue-Calumet (Calumetcampus); og Marion University (Indianapolis).

Rétt þótti líka að vararektor Purdue háskóla fengi fund með talskonu stígamóta til þess að fara yfir málin. Það var ánægjulegt hversu mikinn áhuga akademían í þessu fylki hafði fyrir aktivisma og nauðsyn þess að sameina hann fræðunum í stað þess að aðskilja hann. Þeir háskólar sem heimsóttir voru eiga það sameiginlegt að vera íhaldssamir og kaþólskir og því enn ánægjulegra hversu vel stúdentar tóku í hugmyndirnar. Fólk í Indiana þekkir nú „The Stigamot-Style“ og það hafði bara nokkuð jákvæða merkingu.

Mansalsmál í Brussel

Síðasta utanlandsferðin var farin dagana 16.-18. desember. Mikael Gustafsson formaður jafnréttisnefndar Evrópuþingsins bauð talskonu Stígamóta til Brussel að flytja erindi í málstofu um vændi og aðgerðir gegn því. Til fundarins var Evrópusambandsþingmönnum, kvennasamtökum og fræðimönnum boðið og fengu áheyrendur að heyra ýmislegt um árangursrika baráttu á Íslandi þar sem við sögu komu stórar systur, kampavínsklúbbar og ýmislegt fleira.

Erlendir fjölmiðlar

Nokkuð var um að erlendir fjölmiðlar leituðu eftir viðtölum við Stígamót. Þannig birtust viðtöl við talskonu Stígamóta í The Guardian um íslenska kvennabaráttu, á BBC m.a. um fegurðarsamkeppni, í The Economist um baráttuna gegn mansali, vændi og klámi. Þá vildi sænsk blaðakona frá Ord og Analys vita hvers vegna Ísland væri best í heimi fyrir konur og Grapevine fékk að heyra allt um kampavínsklubb Stígamóta.

Aðild Stígamóta að regnhlífar og alþjóðasamtökum og helstu samstarfsaðilar

- **Norrænar konur gegn ofbeldi** sem eru regnhlífarsamtök norrænna kvennasamtaka sem vinna gegn ofbeldi
- **Equality Now!**
- **WAVE** - women against violence in Europe með vefsíðuna: www.wave-network.org
- **Coalition Against Trafficking in Women** sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar catw-l@list.web.net
- **European's Womens Lobby**, sérfræðingshlutverk í ofbeldismálum innan European Policy Action Centre on Violence Against Women <http://www.epacvaw.org/>
- **Global network of women's shelters**: Alþjóðlegur 17 kvenna vinnuhópur sem undirbýr stofnun alþjóðlegra samtaka kvennaathvarfanna í heiminum
- **Skottarnar** Regnhlífarsamtök 23 kvennasamtaka www.kvennafri.is

Tölulegar upplýsingar

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 24 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldi og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sifjaspellum og nauðgunum sem til viðmiðunar eru við tölfræðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

Sifjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.

Á árinu 2013 leituðu 706 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 323 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá voru 78 aðstandendur sem leituðu til Stígamóta og þar af voru 35 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum fyrir. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2013 miðast við fjölda skýrslna sem fyrir liggur um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotþola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Í þau 24 ár sem liðin eru frá stofnun Stígamóta hafa 6.702 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 9.630 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru miklu fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2013 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfseminna á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum og á vefsíðu Stígamóta.

Tafla 1. Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2013

Ný mál - brotþolar komu sjálfir	323
Upplýsingar um ný mál gegnum aðstandendur	35
Heildarfjöldi ofbeldismanna ¹	597
Fjöldi nýrra aðstandenda	78
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl	706
Heildarfjöldi viðtala	2409

Í töflu 1 kemur fram að árið 2013 voru 323 ný mál þar sem brotþolar sjálfir komu með mál sín til Stígamóta. Þetta eru fleiri mál borið saman við árið 2012 (en þá vor ný mál frá brotþolum 264), sem er 22% aukning á milli ára. Þegar litið er lengra aftur kemur fram að ekki hafa fleiri einstaklingar leitað til Stígamóta í fyrsta skipti vegna sinna mála síðan árið 1992, en þá leituðu 396

einstaklingar til Stígamóta vegna sinna mála í fyrsta skipti. Árið 2013 leituðu 34% fleiri aðstandendur til Stígamóta borið saman við árið 2012. Þegar við lítum til fyrri ára kemur fram að ekki hafa fleiri aðstandendur leitað í fyrsta skipti til Stígamóta síðan árið 1991, en þá leituðu 125 aðstandendur í fyrsta

¹ Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 597, bæði ný mál og upplýsingar um mál frá aðstandendum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamóta gegnum aðstandendur, en hér er talinn einn ofbeldismaður fyrir hvert nýtt mál sem¹ upplýsingar fást um hjá aðstandendum (sem er lágmarkstalning). Því er hægt með vissu að segja að ofbeldismennirnir hafi verið 597 en hins vegar byggja tölfræðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 562 skýrslum sem fyrir lágu um ofbeldismenn. Þess ber að geta að í einhverju tilfellum gáfu brotþolar ekki upplýsingar um alla ofbeldismenn. Ástæða þess gat verið til dæmis að þeir vissu ekki hve margir þeir voru eða það átti ekki við, eins og til dæmis í vændis- og mansals-málum.

skipti til Stígamóta. Þannig hafa ekki fleiri aðstandendur og einstaklingar leitað vegna sinna mála til Stígamóta í fyrsta skipti síðan á upphafsárum Stígamóta.

Mikilvægt er að hafa þessar skýringar í huga við lestur niðurstaðna og túlkun þeirra. Það kemur fram í töflum, myndum eða texta út frá hvaða hópi niðurstöður eru reiknaðar og settar fram. Þegar ný mál, bæði frá brotaþolum og aðstandendum, eru lögð saman verður heildarfjöldi nýrra mála 358 sem er 70 málum fleiri en á síðasta ári, sem er um 24% aukning á milli ára. Ekki hafa komið fleiri ný mál til Stígamóta síðan árið 1992, en þá höfðu Stígamót aðeins starfað í 2 ár og þá var um uppsafnaðann vanda að ræða.

Ofbeldismenn eru nú 597, sem er um 18 % aukning frá árinu 2012. Ekki hafa komið fram upplýsingar um fleiri ofbeldismenn á einu ári síðan 1992, en það ár voru þeir fleiri eða 786 talsins.

Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl til Stígamóta árið 2013 var 706, sem er um 6 % aukning frá árinu 2012 en þá var heildarfjöldi einstaklinga var 664. Heildarfjöldi einstaklinga sem kemur í viðtal á einu ári hefur ekki verið hærri síðan Stígamót byrjuðu.

Heildarfjöldi viðtala árið 2013 var 2.409, sem er um 16 % aukning frá árinu 2012 en þá var heildarfjöldi viðtala 2.077. Heildarfjöldi viðtala á einu ári hefur ekki verið hærri frá árinu 1996.

Ef við drögum ofangreindar upplýsingar fyrir árið 2013 saman, kemur í ljós að ekki hafa fleiri aðstandendur og einstaklingar leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti vegna sinna mála síðan á upphafsárum Stígamóta. Velta má því fyrir sér hvort sú umfjöllun sem átti sér stað í fjölmiðlum um kynferðis brotmál á fyrri hluta ársins 2013 hafi leitt til þess að fleiri einstaklingar sóttu viðtöl til Stígamóta en áður.

Meðferð tölulegra gagna

Líkt og í ársskýrslum síðustu ára eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Þegar upplýsingar eru breyttar vegna nýrra aðferða við gagnasöfnun er þess getið í texta.

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir tölfræðilegum upplýsingum um brotaþola sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2013. Árið 2013 voru gerðar breytingar á spurningalista sem lagður var fyrir brotaþola. Markmið þessara breytinga er að einfalda og skýra þær tölfræðilegu upplýsingar sem safnað er. Vegna þessara breytinga eru nokkrar töflur og myndir settar fram með öðrum hætti en í fyrri ársskýrslum.

Tafla 2. Skipting einstaklinganna eftir kyni


	Fjöldi	Hlutfall
Karl	58	18,0%
Kona	265	82,0%
Alls	323	100%

Tafla 2 sýnir fjölda og hlutfall einstaklinga skipt eftir kyni. Eins og árin á undan leituðu fleiri konur en karlar til Stígamóta árið 2013. Árið 2013 leituðu meira en helmingi fleiri karlar til Stígamóta en árið 2012, en þá leituðu 23 karlar (8,7%) til Stígamóta. Ekki hafa komið fleiri karlar á einu ári til Stígamóta frá því að Stígamót voru stofnuð.

Tafla 3. Þjóðerni brotaþola


	Fjöldi	Hlutfall
Íslendingur	309	95,7%
Blandað þjóðerni	4	1,2%
Frá öðrum löndum	10	3,1%
Alls	323	100%

Eins og sést í töflu 3 voru flestir þeir sem komu til Stígamóta árið 2013 íslenskir eða 95,7%. Þetta er svipað hlutfall og undanfarin ár.



Mynd 1. Fjöldi nýrra mála frá upphafi

Mynd 1 sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem árlega hafa leitað til Stígamóta undanfarin 24 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahúsið varð til í nóvember 1998. Mynd 1 sýnir að árið 2013 voru ný mál 358, ekki hafa verið fleiri ný mál síðan árið 1992 og þá var um uppsafnaðann vanda að ræða.



Mynd 2. Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2013

Aðsókn í viðtöl er breytileg á milli ára og mánaða og erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Þó hefur það verið nokkuð fyrirsjáanlegt að aðsókn er í lágmarki í desember ár hvert. Mynd 2 sýnir að á fyrrihluta ársins (frá janúar til maí) var aðsóknin nokkuð mikil. Þess má geta að fyrstu mánuði ársins var mikil umfjöllun í fjölmiðlum um kynferðisbrot sem mögulega hefur haft einhver áhrif á aðsóknina. Aðsóknin var lítil í júní, júlí og ágúst sem sennilega er tilkomin vegna sumarfría.

Tafla 4. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2013


	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	142	27,5%
Nauðgun	193	37,4%
Nauðgunartilraun	34	6,6%
Klám	17	3,3%
Vændi	12	2,3%
Kynferðisleg áreitni	105	20,3%
Annað	7	1,4%
Ekki viss	6	1,2%
Alls	516	100%

Tafla 4 sýnir ástæður þess að einstaklingar leita til Stígamóta árið 2013. Þessi tafla er sett fram með öðrum hætti en í ársskýrslum fyrri ára. Svarmöguleikum fyrir ástæður komu var fækkað úr 12 í 8 (teknir voru út eftirfarandi möguleikar: grunur um sifjaspell, grunur um nauðgun, andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi og ofsóknir ofbeldismanns).

Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (323).

Eins og tafla 4 sýnir eru nauðgun, nauðgunartilraun og sifjaspell um 71,5% þeirra ástæðna sem tilgreindar eru sem ástæða komu á Stígamót. Af þeim 142 einstaklingum sem

nefndu sifjaspell sem ástæðu komu voru 36 karlar og af þeim 193 sem nefndu nauðgun sem ástæðu voru 18 karlar. Athygli vekur hve margir leita til Stígamóta vegna kynferðislegrar áreitni eða um 20,3%.




Mynd 3. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2013

Um klám og vændi

Einstaklingar hafa leitað sér hjálpar vegna klámnotkunar maka/sambýlisfólks síns sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrir hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum með eða án þeirra vilja og þeim síðan dreift eða þeim hótad að þeim verði dreift. Það voru 17 einstaklingar (1 karl og 16 konur) sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2013 vegna kláms, þetta eru 5 fleiri einstaklingar en leituðu til Stígamóta vegna kláms árið 2012.

Árið 2013 leituðu 12 einstaklingar (allt konur) til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2013 vegna vændis, þetta eru færri einstaklingar en leituðu til Stígamóta vegna vændis árið 2012 en þá voru þeir 17. Vitað er að árið 2013 voru einnig í viðtölum meðal annars vegna vændis og/eða kláms, um 11 einstaklingar sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta fyrir árið 2013. Þessir einstaklingar höfðu því fylgt okkur á milli ára. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Mikilvægt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að vændi er oft falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum.



Mynd 4. Samanburður milli ára á ástæðum þess að leitað var til Stígamóta

Mynd 4 sýnir ástæður fyrir komu einstaklinga til Stígamóta síðustu fimm árin. Þessi mynd er sett fram með öðrum hætti nú en fyrri ár, vegna þess að svarmöguleikum um ástæðu komu var fækkað árið 2013 eins og getið var í texta hér að ofan. Hlutfallið í myndinni miðast við þau tilvik þar sem einstaklingar tilgreindu sifjaspell, nauðgun, nauðgunartilraun, kynferðislega áreitni, klám og vændi sem ástæðu komu hvert ár. Eins og sést á mynd 4 tilgreindu flestir einstaklingar nauðgun sem ástæðu komu og næst flestir tilgreindu sifjaspell sem ástæða komu síðastliðin fimm ár. Einnig var kynferðisleg áreitni oft tilgreind sem ástæða komu.

Tafla 5 a/b. Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2013


5a. Aldur er aðstoðar er leitað

	Fjöldi	Hlutfall
11 - 17 ára	18	5,6%
18 - 29 ára	145	44,9%
30 - 39 ára	63	19,5%
40 - 49 ára	49	15,2%
50 - 59 ára	41	12,7%
60 ára og eldri	4	1,2%
Upplýsingar vantar	3	0,9%
Alls	323	100%

5b. Aldur er ofbeldi er framið

	Fjöldi	Hlutfall
0 - 4 ára	20	6,2%
5 - 10 ára	107	33,1%
11 - 17 ára	116	35,9%
18 - 29 ára	49	15,2%
30 - 39 ára	9	2,8%
40 - 49 ára	3	0,9%
Ekki viss	8	2,5%
Merkt við fleiri en eitt atriði	4	1,2%
Upplýsingar vantar	7	2,2%
Alls	323	100%

Tafla 5a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 5b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst. Rúmur helmingur þeirra sem nýttu sér þjónustu Stígamóta árið 2013 voru á aldrinum 18-39 ára eða 64,4%, en ofbeldið hófst hins vegar hjá 69% þegar þeir voru á aldrinum 5-17 ára, og eru þetta samskonar niðurstöður og ársskýrslur fyrri ára hafa sýnt.




Mynd 5. Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið var framið árið 2013


Mynd 5 sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast upplýsingarnar við árið 2013. Tekið skal fram að 18 einstaklingar voru yngri en 18 ára þegar aðstoðar var leitað. Það er eftirtektarvert að nokkur tími virðist líða frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Samskonar niðurstöður koma fram í tölum Stígamóta frá fyrri árum. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímann sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.

Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga


Allar upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga miðast við upplýsingar um brotþola úr komuskýrslum (323 skýrslur).



Mynd 6. Hjúskaparstaða



Mynd 7a). Menntun




Mynd 7b). Atvinna

Myndir 7a og 7b hér að framan bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2013 sýna líkt og tölur fyrir árin 2010-2012 að margir eru við nám en hlutfallslega flestir eru í fullu starfi.

Tafla 6. Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell	Nauðgun	Nauðgunar-tilraun	Klám	Vændi	Kynferðis-lega áreitni	Annað
Reykjavík	39,4%	40,4%	41,2%	47,1%	66,7%	35,2%	71,4%
Annað höfuðborgarsvæði	17,6%	17,6%	14,7%	23,5%	58,3%	21,0%	14,3%
Utan höfuðborgarsvæðis	39,4%	34,7%	35,3%	35,3%	16,7%	38,1%	14,3%
Erlendis	9,2%	17,6%	2,9%	0,0%	8,3%	5,7%	0,0%
Ekki viss	1,4%	0,5%	0,0%	0,0%	0,0%	1,9%	0,0%
Fjöldi einstaklinga	142	193	34	17	12	105	7

Tafla 6 er sett fram með öðrum hætti en áður. Í fyrri ársskýrslum komu fram upplýsingar um hvar allt kynferðisofbeldi sem nefnt var átti sér stað. Í ár var ákveðið að greina frá hvar ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Eins og sést á þessari töflu á kynferðisofbeldi sér ekki landræðileg mörk.



Mynd 8. Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2013

Á mynd 8 má sjá búsetu fólks þegar það leitaði til Stígamóta. Um 73,4% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2013 bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. Þá eru margir sem leggja á sig löng ferðalög til að koma í viðtöl. Þá er einnig boðið uppá símaviðtöl sem landsbyggðarfólk hefur nýtt sér. Verkefnið „Stígamót á staðinn“ opnaði möguleika fyrir þá sem búa á Egilstöðum og nágrenni Egilstaða að nýta sér þjónustu Stígamóta á sínu heimasvæði. Ein starfskona Stígamóta var með regluleg viðtöl á Egilstöðum allt árið 2013.

Tafla 7. Búseta; samanburður milli ára


	2009	2010	2011	2012	2013	
Reykjavík	54,3%	56,6%	46,4%	48,5%	51,4%	166
Kópavogur	10,0%	10,4%	7,6%	4,9%	7,4%	24
Hafnarfjörður	6,7%	7,6%	7,9%	6,8%	6,2%	20
Seltjarnarnes	0,5%	0,8%	1,4%	0,4%	0,6%	2
Garðabær	5,2%	3,6%	4,3%	3,0%	5,9%	19
Mosfellsbær	1,0%	4,0%	5,0%	3,8%	1,9%	6
Önnur landsbyggð	21,4%	14,4%	24,4%	27,3%	22,3%	72
Erlendis	1,0%	1,6%	2,2%	1,1%	3,7%	12
Uppl.vantar	0,0%	1,2%	0,7%	4,2%	0,6%	2
Fjöldi	210	251	278	264	323	

Í töflu 7 er yfirlit yfir búsetu fólks árin 2009 til 2013. Árið 2013 var hlutfall þeirra sem búa úti á landi og leituðu til Stígmóta aðeins lægri en árið 2012. Mögulega má skýra þessa breytingu með því að verkefnið „Stígamót á staðinn“ var í gangi árið 2012 og farið var á tvo staði þetta ár (Egilstaði og Sauðárkrók). Verkefnið „Stígamót á staðinn“ var einnig í gangi árið 2013 en einungis var farið á einn stað það ár (Egilstaði).

Um ofbeldisverkin

Tafla 8. Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	2009	2010	2011	2012	2013	
Eitt skipti	20,9%	16,2%	16,8%	22,7%	25	18,2%
Innan við 1 ár	17,4%	17,2%	20,8%	13,6%	29	21,2%
1-5 ár	33,9%	39,4%	38,4%	34,8%	43	31,4%
6 ár eða lengur	12,2%	12,1%	15,2%	12,1%	21	15,3%
Óvíst	15,7%	15,2%	8,8%	16,7%	19	13,9%
Alls fjöldi	115	99	125	132	137	



Mynd 9. Samanburður á milli ára


Tölunum um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sífjaspell eru ofbeldi sem oft er viðvarandi í mörg ár. Mynd 9 lýsir samanburði á milli ára. Öll árin kemur fram að í um helmingi tilfella standa sífjaspellin yfir í eitt ár eða lengur.

Tafla 9. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana

	Fjöldi	Hlutfall
Nauðgun	175	80,6%
Hópnauðgun	17	7,8%
Lyfjanauðgun	17	7,8%
Annað	5	2,3%
Ekki viss	3	1,4%
Alls	217	100%

Heildarfjöldi nauðgana í töflu 9 er 217 en ekki 193 eins og fjöldi nauðgana í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta. Ástæðan er að í tölunum er tekið tillit til þess að hver einstaklingur getur merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar. Með öðru, er átt við nauðganir sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar nauðgunar sem settar eru fram í töflunni. Af þeim 17 einstaklingum sem nefndu hópnauðgun var einn karl og þeir 17 einstaklingar sem nefndu lyfjanauðgun voru allt konur. Í sjö tilfellum hópnauðgana voru tveir ofbeldismenn,

í þrem tilfellum voru ofbeldismennirnir þrír og í fjórum tilfellum voru ofbeldismennirnir 4 eða fleiri. Í 3 tilfellum vantaði upplýsingar fjölda ofbeldismanna.



Mynd 10. Þvingunaraðferðir við beitingu ofbeldis

Á mynd 10 er yfirlit yfir það hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum hafi verið beitt við ofbeldið. Þessi mynd á við allar birtingarmyndir kynferðislegs ofbeldis. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda ofbeldismanna (562), upplýsingar um hvaða þvingunaraðferðum var beitt vantaði hjá 233 ofbeldismönnum (41,5%). Á myndinni sést að í 21,2 % tilfella var hótunum beitt og líkamsmeiðingum var beitt í 18,1% tilfella. Þetta sýnir að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun og er mjög alvarlegt þó hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við kynferðisofbeldið sjálft.

Tafla 10. Hvar kynferðisofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðis-lega áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Á sameiginlegu heimili	47	22,2	24	9,9	2	5,3	5	26,3	-	-	13	12,4	-	-
Á heimili ofbeldismannsins	65	30,7	71	29,3	10	26,3	6	31,6	3	16,7	28	26,7	2	22,2
Á heimil brotaþola	38	17,9	48	19,8	2	5,3	2	10,5	4	22,2	14	13,3	-	-
Í heimahúsi	7	3,3	35	14,5	9	23,7	3	15,8	3	16,7	5	4,8	2	22,2
Á vinnustað	6	2,8	2	0,8	1	2,6	1	5,3	2	11,1	7	6,7	-	-
Á eða við skemmtistað	-	-	4	1,7	4	10,5	-	-	2	11,1	3	2,9	2	22,2
Á útihátíð	2	0,9	10	4,1	2	5,3	-	-	-	-	-	-	-	-
Í tómstundum eða íþróttastarfi	5	2,4	2	0,8	-	-	1	5,3	-	-	2	1,9	-	-
Á opinberri stofnun	5	2,4	7	2,9	2	5,3	1	5,3	-	-	10	9,5	1	11,1
Utandyra	24	11,3	23	9,5	5	13,2	-	-	2	11,1	15	14,3	1	11,1
Annað	10	4,7	13	5,4	1	2,6	-	-	2	11,1	8	7,6	1	11,1
Ekki viss	3	1,4	3	1,2	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Alls	212	100	242	100	38	100,0	19	100	18	100	105	100	9	100

Tafla 10 er sett fram með öðrum hætti en áður. Í fyrri ársskýrslum komu fram upplýsingar um hvar allt kynferðisofbeldi sem nefnt var átti sér stað. Í ár var ákveðið að greina frá hvar ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað. Í hverjum brotaflokk fyrir sig eru staðirnir sem nefndir eru fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu, skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.

Í töflunni kemur fram að sifjaspell á sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns, samtals í um 70,8 % tilfella.

Nauðganir og nauðgunartilraunir eiga sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns og í heimahúsi, nauðganir í tæpum 74,% tilvika og nauðgunartilraunir í rúmum 60% tilvika. Athyglivert er að í um helmingi tilfella (55,6%) átti vændi á sér stað á heimili ofbeldismanns, heimili brotaþola eða í öðru heimahúsi. Einnig er athyglivert að kynferðisleg áreitni á sér stað utan heimila í tæplega 43% tilvika.


Í dálkinum sem merktur er „annað“ getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða á öðrum stöðum sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni.

Tafla 11. Hverjum hefur brotapolí sagt frá, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðis- lega áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Engum sagt frá ofbeldinu	9	6,3	13	6,7	2	5,9	2	11,8	2	16,7	6	5,7	-	-
Sagt maka frá ofbeldinu	74	52,1	81	42,0	10	29,4	5	29,4	2	16,7	32	30,5	3	42,9
Sagt móður frá ofbeldinu	66	46,5	87	45,1	10	29,4	4	23,5	6	50,0	43	41,0	2	28,6
Sagt föður frá ofbeldinu	34	23,9	46	23,8	6	17,6	1	5,9	1	8,3	19	18,1	1	14,3
Sagt öðrum í fjölskyldunni frá ofbeldinu	62	43,7	73	37,8	13	38,2	4	23,5	2	16,7	33	31,4	1	14,3
Sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu	76	53,5	126	65,3	16	47,1	4	23,5	6	50,0	39	37,1	4	57,1
Sagt fagaðila frá ofbeldinu	52	36,6	83	43,0	13	38,2	4	23,5	3	25,0	30	28,6	2	28,6
Sagt öðrum frá ofbeldinu	11	7,7	10	5,2	3	8,8	2	11,8	-	-	10	9,5	1	14,3
Óvíst hverjum hefur verið sagt frá ofbeldinu	3	2,1	2	1,0	-	-	2	11,8	-	-	-	-	-	-
Fjöldi einstaklinga	142		193		34		17		12		105		7	

Tafla 11 er sett fram með öðrum hætti en áður. Í fyrri ársskýrslum komu fram upplýsingar um hverjum brotapolí hefði sagt frá ofbeldinu þegar hann kom til Stígamóta. Í ár var ákveðið að greina frá hverjum brotapolí hefði sagt frá ólíku ofbeldi. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti.

Eins og sést í töflunni hefur yfir eða um helmingur einstaklinga sem orðið höfðu fyrir sifjaspelli, nauðgun og nauðgunartilraun sagt maka eða vinkonu/vini frá ofbeldinu. Athyglivert er að um 17% þeirra sem verið höfðu í vændi höfðu ekki sagt neinum frá því og er það herra hlutfall borið saman við aðra brotaflokk, hafa verður þó í huga að í þessum flokki eru fáir einstaklingar.



Mynd 11. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis

Í mynd 11 er reynt að gefa tölulega til kynna þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Þessi mynd er sett fram með öðrum hætti árið 2013 borið saman við ársskýrslur fyrri ára. Bætt var við 3 nýjum svarmöguleikum fyrir afleiðingar kynferðisofbeldis, það er: erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum, líkamlegir verkir og vændi.


Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (323). Upplýsingar um afleiðingar vantaði frá 2,2 % (7) af heildarfjölda einstaklinga. Í súluritinu er getið um „svipmyndir“. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum og valda miklu hugarangri. Mynd 11 sýnir að hlutfallslega flestir nefndu kvíða, skömm, depurð, lélega sjálfsmýnd og sektarkennd. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fyrri ár. Athygli vekur að 56,3 % nefndu að þeir hefðu glímt við erfiðleika í öðrum félagslegum samskiptum og 24,8% nefndu að þeir hefðu glímt við líkamlega verki. Þrettán einstaklingar eða 4% nefndu vændi sem afleiðingu, þess

ber að geta að þetta eru einum fleiri en nefndu vændi sem ástæðu komu eins og sést í töflu 4. Þarna hefur einstaklingur komið vegna annars kynferðisofbeldis en nefnt vændi sem afleiðingu af því ofbeldi sem hann hafði lent í.

Tafla 12. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Kvíði	226	87,3%	50	87,7%
Skömm	222	85,7%	51	89,5%
Depurð	212	81,9%	53	93,0%
Léleg sjálfsmynd	216	83,7%	45	78,9%
Sektarkennd	200	77,2%	41	71,9%
Svipmyndir	196	75,7%	42	73,7%
Erfið tengsl við maka/vini	174	67,2%	41	71,9%
Reiði	168	64,9%	45	78,9%
Erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum	145	56,0%	37	64,9%
Ótti	155	59,8%	27	47,4%
Tilfinningalegur doði	146	56,4%	34	59,6%
Einangrun	141	54,4%	35	61,4%
Kynlíf erfitt	145	56,0%	24	42,1%
Erfitt með einbeitingu	134	51,7%	31	54,4%
Sjálfsvígshugleiðingar	95	36,7%	25	43,9%
Hegðunarerfiðleikar	68	26,3%	24	42,1%
Líkamlegir verkir	70	27,0%	10	17,5%
Sjálfsköðun	66	25,5%	14	24,6%
Kynferðisleg hegðun	52	20,1%	10	17,5%
Átröskun	56	21,6%	5	8,8%
Vændi	13	5,0%	0	0,0%
Annað	8	3,1%	3	5,3%
Ekki viss	1	0,4%	2	3,5%
Fjöldi einstaklinga	259		57	

Vegna þess að fleiri karlar komu í fyrsta skipti vegna sinna mála til Stígamóta árið 2013 borið saman við fyrri ár, var ákveðið að skoða mun á kynjunum, þegar kom að því hvaða afleiðingar voru nefndar. Hlutfallið í töflu 12 miðast við þá 57 karla og 259 konur sem tilgreindu hvaða afleiðingar þau hafa glímt við. Upplýsingar um afleiðingar vantaði hjá nokkrum einstaklingum og teljast þeir ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga. Tafla 12 sýnir að karlar og konur nefna svipaðar afleiðingar, hlutfallslega flestar konur og karlar nefna kvíða, skömm, depurð og lélega sjálfsmynd. Athyglivert er að hærri hlutfall karla nefnir reiði og hegðunarerfiðleika borið saman við konur.




Mynd 12. Neysla eða athafnir sem skerða lífsgæði og trufla daglegt líf

Árið 2013 var ákveðið að breyta spurningum um hvort og þá hvaða fíknir fólklímur við. Í stað þess að spyrja um fíknir var spurt hvort neysla eða þátttaka í einhverju af eftirfarandi hafi skert lífsgæði og truflað daglegt líf svarandans. Svarmöguleikarnir voru þeir sömu eftir breytingarnar að því undanskildu að hugtakið fíkn var tekið út úr spurningunni.

Hlutfallið í mynd 12 miðast við heildarfjölda einstaklinga (323), af þeim vantaði upplýsingar frá 31 eða (9,6%). Í myndinni sést að þriðjungur einstaklinga töldu neyslu eða þátttöku sína í einhverju af ofangreindu ekki hafa skert lífsgæði eða truflað daglegt líf. Rúmlega 43% töldu að neysla áfengis og/eða annarra vímuefna sem afleiðing kynferðisofbeldis hafi skert lífsgæði þeirra og truflað daglegt líf.

Tafla 13. Sjálfsvígstilraunir

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	216	66,9%
Já	71	22,0%
Upplýsingar vantar	36	11,1%
Alls	323	100%

**Mynd 13. Sjálfsvígstilraunir**

Eins og tafla 13 og mynd 13 sýna höfðu 71 einstaklingar eða 22% af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2013 gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga. En eins og sést í töflu 14 hér fyrir neðan hefur hlutfall þeirra sem gert hafa eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga verið á bilinu 18 til 22%.

Tafla 14. Samanburður á sjálfsvígstilraunum á milli ára


	2009	2010	2011	2012	2013
Já	18,6%	15,1%	16,2%	21,6%	22,0%
Nei	70,5%	61,8%	68,7%	60,2%	66,9%
Fjöldi ²	187	193	236	216	287

² Athuga verður að fjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantaði. Hlutfallið miðast hins vegar við heildarfjölda einstaklinga.

Tafla 15. Hjá hvaða fagaðilum hefur ofbeldið verið rætt þegar komið var til Stígamóta árið 2013, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðis-leg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Engum fagaðilum	58	40,8	68	35,2	11	32,4	5	29,4	4	33,3	28	26,7	4	57,1
Lækni	11	7,7	23	11,9	5	14,7	1	5,9	2	16,7	5	4,8	-	-
Starfsfólk geðdeildar	7	4,9	15	7,8	1	2,9	-	-	-	-	5	4,8	-	-
Geðlækni	15	10,6	20	10,4	3	8,8	1	5,9	1	8,3	5	4,8	-	-
Félagsráðgjafa	12	8,5	16	8,3	6	17,6	1	5,9	-	-	7	6,7	-	-
Félagsþjónustu	3	2,1	2	1,0	1	2,9	-	-	-	-	2	1,9	-	-
Sálfræðingi	33	23,2	46	23,8	9	26,5	4	23,5	-	-	18	17,1	2	28,6
Fagaðila í vimefnamerðferð	4	2,8	10	5,2	1	2,9	1	5,9	2	16,7	3	2,9	-	-
Presti	12	8,5	6	3,1	2	5,9	1	5,9	-	-	3	2,9	-	-
Skólastarfsmanni	5	3,5	6	3,1	2	5,9	-	-	-	-	5	4,8	-	-
Lögreglufulltrúa	10	7,0	26	13,5	6	17,6	4	23,5	-	-	8	7,6	1	14,3
Kvennaathvarfi	1	0,7	5	2,6	2	5,9	1	5,9	-	-	4	3,8	-	-
Neyðarmóttöku	-	-	16	8,3	3	8,8	-	-	-	-	2	1,9	-	-
Barnahúsi	9	6,3	9	4,7	-	-	-	-	-	-	2	1,9	-	-
Öðrum fagaðilum	8	5,6	14	7,3	3	8,8	1	5,9	-	-	6	5,7	-	-
Ekki viss	3	2,1	1	0,5	-	-	1	5,9	-	-	1	1,0	-	-
Fjöldi einstaklinga	142		193		34		17		12		105		7	

Tafla 15 er sett fram með öðrum hætti en áður. Í fyrri ársskýrslum komu fram upplýsingar við hvaða fagaðila brotapolí hefði rætt við um ofbeldið þegar hann kom til Stígamóta. Í ár var ákveðið að greina frá við hvaða fagaðila brotapolí hefði rætt við, skipt eftir brotaflokkum. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á þessari mynd er hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokkum þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Athyglivert er að hæsta hlutfall í öllum brotaflokkum eru þeir sem ekki hafa rætt við neinn fagaðila um ofbeldið. Einnig er athyglivert að tæplega fjórðungur í flestum brotaflokkum hefur rætt við sálfræðing um ofbeldið.



Mynd 14. Tengsl við ofbeldismenn

Á mynd 14 kemur fram að 562 ofbeldismenn höfðu beitt 323 einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2013 ofbeldi. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví- eða jafnvel margtaldir. Önnur skýring á þessum fjölda ofbeldismanna er að á árinu voru 17 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum og að í sumum tilfellum er um fleiri en einn ofbeldismann að ræða og þá um aðskilin ofbeldisverk. Myndin sýnir tengsl einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi við ofbeldismenn. Tölur og hlutföll í myndinni miðast við fjölda ofbeldismanna (562). Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 17,3% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2013 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu og um 66,3% ofbeldismannanna voru tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum eða voru vinir eða kunningjar þeirra. Gamla goðsögnin um að einstaklingum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

Tafla 16a/b) Samanburður milli ára frá árinu 2009

16a) Sifjaspell

Sifjaspell	2009	2010	2011	2012	2013	
Faðir/stjúpfaðir	20,5%	23,1%	14,3%	23,8%	20,2%	34
Móðir/stjúpmóðir	1,6%	0,0%	0,0%	4,0%	0,6%	1
Giftur inn í fjölskylduna	5,7%	2,9%	3,4%	2,4%	3,6%	6
Bróðir/stjúpbróðir	18,9%	14,4%	13,4%	13,5%	6,5%	11
Systir/stjúpsystir	0,0%	0,0%	0,0%	1,6%	1,2%	2
Frændi/frænka ³	21,3%	25,0%	26,9%	12,7%	20,8%	35
Afi	3,3%	6,7%	11,8%	7,9%	6,0%	10
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	0,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjölskylduvinur	10,7%	6,7%	10,1%	11,1%	16,7%	28
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	4,9%	2,9%	4,2%	1,6%	4,8%	8
Vinur/kunningi	7,4%	10,6%	5,0%	9,5%	7,1%	12
Vinnuveitandi/yfirmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,2%	2
Samstarfsmaður ⁴	0,0%	0,0%	0,8%	0,0%	0,0%	0
Ókunnugur	2,5%	1,0%	2,5%	3,2%	4,8%	8
Annar/önnur	2,5%	6,7%	6,7%	4,8%	2,4%	4
Fagaðili	0,0%	0,0%	0,8%	4,0%	4,2%	7
Óvíst	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	122	104	119	126	168	

³ Í flokknum frændi/frænka voru 4 frænkur og 22 frændur árið 2009, 24 frændur og 2 frænkur árið 2010, árið 2011 voru 31 frændi og 1 frænka, árið 2012 var 1 frænka og 15 frændur og árið 2013 voru það 2 frænkur og 33 frændur.

⁴ Ekki var spurt um samstarfsmenn árið 2009 og ef um slík tengsl er að ræða það ár geta þeir fallið í hópinn vinnuveitandi/yfirmaður eða annar/önnur, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi svaranda.

16b) Nauðgun

Nauðgun	2009	2010	2011	2012	2013	
Faðir/stjúpfaðir	1,9%	1,4%	2,6%	0,5%	0,0%	0
Móðir/stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Giftur inn í fjölskylduna	1,9%	0,0%	1,0%	0,5%	0,8%	2
Bróðir/stjúpbroðir	2,6%	0,0%	0,5%	0,0%	1,1%	3
Systir/stjúpsystir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka ⁵	3,2%	0,7%	2,6%	0,5%	1,9%	5
Afi	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	0
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	11,5%	16,4%	18,5%	15,4%	18,3%	48
Fjölskylduvinur	1,9%	2,7%	2,1%	3,7%	2,7%	7
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	0,6%	0,0%	0,0%	0,5%	0,4%	1
Vinur/kunningi	39,1%	43,8%	34,9%	44,9%	42,7%	112
Vinnuveitandi/yfirmaður	1,3%	0,7%	1,5%	0,5%	0,0%	0
Samstarfsmaður ⁶	0,0%	0,0%	1,5%	1,4%	1,1%	3
Ókunnugur	29,5%	30,1%	26,7%	27,1%	26,3%	69
Annar/önnur	5,8%	3,4%	5,6%	3,7%	1,9%	5
Fagaðili	0,6%	0,7%	1,5%	1,4%	2,7%	7
Óvíst	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	156	146	195	214	262	

Í töflum 16a og 16b eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman fyrir sifjaspell og nauðgun eftir árum.

Mikilvægt er að taka fram hér að fjöldi ofbeldisbrota í töflum 16a og 16b er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta, sem sýndar eru í töflu 4, þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotþola (323) en hér eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (562). Til dæmis getur verið að brotþoli merki við “nauðgun” sem ástæðu þess að leitað var til Stígamóta og telst það sem ein ástæða en viðkomandi brotþoli hefur svo kannski verið nauðgað af tveimur ofbeldismönnum og teljast þær þá sem tvær nauðganir í töflunum hér yfir tengsl ofbeldismanna. Þá byggist fjöldi ofbeldismanna í töflum 16a og 16b eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir um bæði tengsl og tegund ofbeldis, þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða tengsl ofbeldismanns við brotþola, þá teljast þeir ekki með í þessum töflum. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Eins og sést í töflu 16 a voru um 58,9% ofbeldismanna tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldi fjölskylduböndum. Tafla 16 b sýnir að um 61% ofbeldismanna voru makar,vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu.

⁵ Í flokknum frændi/frænka voru 5 frændur og engar frænkur árið 2013.

⁶ Ekki var spurt um samstarfsmenn árið 2009 og ef um slík tengsl er að ræða það ár geta þeir fallið í hópinn vinnuveitandi/yfirmaður eða annar/önnur, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi svaranda.

Tafla 17. Hefur brotapolí rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?


	Fjöldi	Hlutfall
Nei	414	73,7%
Já	91	16,2%
Óvíst	22	3,9%
Uppl. vantar	35	6,2%
Alls	562	100%

Tafla 17 sýnir að fáir hafa rætt ofbeldið við ofbeldismann eða 16,2%. Þessar niðurstöður eru svipaðar og kom fram árin 2008 til 2012.

Tafla 18. Svör ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Viðurkenndi ofbeldið	20	18,3%
Hafnaði ofbeldinu	34	31,2%
Kenndi mér um ofbeldið	17	15,6%
Ekki viss	38	34,9%
Alls	109	100%

Tafla 18 sýnir að í tæpum helmingi tilfella (46,8%) þar sem brotapolí hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og gefið svar við því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotapolanum um ofbeldið eða hafnaði því alfarið. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og á árunum 2009 til 2012.



Mynd 15. Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotþola?

Myndin 15 á við um allar birtingarmyndir ofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (562) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af þeim 562 ofbeldismönnum sem miðað er við í mynd 15 vantaði upplýsingar frá 51 (9,1%).

Tafla 19. Samanburður milli nauðgana og sifjaspella

	Sifjaspell	Nauðgun
Gerði ekkert sérstakt	44,5%	45,7%
Gaf gjafir/mútaði	12,8%	5,1%
Kenndi mér um ofbeldið	14,0%	22,0%
Notaði hótanir	17,7%	23,2%
Beitti líkamlegu ofbeldi	6,1%	16,9%
Annað	3,7%	5,5%
Ekki viss	19,5%	12,2%

Ef skoðað er sérstaklega hvernig þessum þætti er háttað í nauðgunar- og sifjaspellsmálum kemur í ljós að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotþola. Þar ber sérstaklega að nefna að 12,8% þeirra sem beita sifjaspellum nota gjafir eða múta brotþolum en eingöngu 5,1% þeirra sem nauðga. Fjöldi þeirra sem beittu sifjaspellum og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotþola er 164 og

þeirra sem nauðguðu og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotþola er 254. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Tafla 20. Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotþola

	Fjöldi	Hlutfall
1 ofbeldismaður	202	62,5%
2 ofbeldismenn	62	19,2%
3 ofbeldismenn	28	8,7%
4 ofbeldismenn	9	2,8%
5 ofbeldismenn	7	2,2%
6 ofbeldismenn	6	1,9%
7 eða fleiri ofbeldismenn	5	1,5%
Upplýsingar vantar	4	1,2%
Alls	323	100%


Tafla 20 sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotþola ofbeldi. Eins og sjá má var í kringum 36,3% tilfella um fleiri en einn ofbeldismann að ræða. Þessar niðurstöður eru svipaðar þeim niðurstöðum sem fram komu á árunum 2008 til 2012.

Í töflu 20 kemur fram að í 5 tilfellum eru allt að 7 eða fleiri ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili en stundum geta það verið aðskilin atvik og/eða tímabil sem um ræðir.

Kærð mál

Tafla 21. Kært til lögreglu?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	444	79,0%
Já	64	11,4%
Óvíst	1	0,2%
Uppl. vantar	53	9,4%
Alls	562	100 %



Mynd 16. Kært til lögreglu

Af þeim málum sem til Stígamóta bárust árið 2013 vitum við að 11,4% komust til opinberra aðila. Í ársskýrslum fyrir árin 1992 til 2013 kemur fram að um 4% til 17% mála hvert ár voru kærð til lögreglu. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra og finnst þau jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálf, annað hvort að hluta eða alveg. Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur árið 2006 að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

Tafla 22.
Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	5	7,8%
Já	19	29,7%
Málið var felld niður	22	34,4%
Málið er í vinnslu	16	25,0%
Ekki viss	2	3,1%
Alls*	64	100%

Tafla 23.
Hvernig var dæmt í málinu í héraðsdómi?

	Fjöldi	Hlutfall
Dómur ekki fallinn	1	5,3%
Sýknun	1	5,3%
Skilorð	6	31,6%
Fangelsi	11	57,9%
Alls	19	100%

Tafla 24.
Hvernig var dæmt í málinu í Hæstarétti?

	Fjöldi	Hlutfall
Ekki vísað til hæstaréttar	4	22,2%
Sami dómur	3	16,7%
Sýknaður	3	16,7%
Ekki viss	8	44,4%
Alls	18	100%

Töflur 22, 23 og 24 gefa til kynna hvernig þeim málum sem kærð voru til lögreglu reiddi af í dómsskerfinu. Eins og sjá má í töflu 22 endaði 29,7% þeirra mála sem kærð voru til lögreglu með ákæru og í 42,2% málanna var ekki ákært eða málin felld niður. Af þeim málum sem fóru fyrir héraðsdóm endaði meirihlutinn með fangelsisdómi eða skilorði eða um 89,5% (sjá töflu 23). Af þeim 18 málum þar sem dómur hafði fallið hjá héraðsdómi var 4 málum (22,2%) ekki vísað til hæstaréttar og í 8 málum (44,4%) var ekki vísað hvort málunum hafði verið vísað til hæstaréttar (sjá töflu 24). Af þessu sést að aðeins lítill hluti þeirra mála sem kærð eru til lögreglu enda með ákæru.

Fordómar og staðalímyndir

Í gegnum árin hafa ýmsar staðalímyndir og goðsagnir um kynferðisofbeldi verið áberandi í umræðunni. Sumar þessara goðsagna eru til þess fallnar að setja ábyrgðina á ofbeldinu á þá sem því eru beittir og draga úr ábyrgð ofbeldismanna. Það er hins vegar augljóst frá sjónarhorni Stígamóta að það er alltaf einn ábyrgur aðili í kynferðisbrotum en það er sá sem ofbeldinu beitir. Þá hafa einnig komið fram ýmsir fordómar á undanförunum árum, meðal annars um þjóðerni ofbeldismanna. Með spurningalista sem lagður er fyrir notendur Stígamóta er reynt að afla upplýsinga um þá þætti sem gætu snert einhverja af þessum fordómum og goðsögnum. Hér á eftir má sjá niðurstöður þessara spurninga fyrir árið 2013.

Tafla 25. Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis- eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	234	41,6%
Já	124	22,1%
Stundum	49	8,7%
Óvíst	120	21,4%
Uppl. vantar	35	6,2%
Alls	562	100%

Eins og sjá má í töflu 25 kemur fram að um 41,6% ofbeldismanna voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og 8,7% voru það stundum og stundum ekki (í slíkum tilfellum beitti ofbeldismaðurinn brotþola ofbeldi oftast en einu sinni).

Tafla 26. Samanburður á því hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið, flokkað eftir sifjaspellum annars vegar og nauðgunum hins vegar

	Sifjaspell		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	102	61,1%	82	31,3%
Já	13	7,8%	89	34,0%
Stundum	16	9,6%	21	8,0%
Óvíst	36	21,6%	70	26,7%
Alls	167	100%	262	100%

Eins og tafla 26 sýnir voru 7,8% þeirra sem beittu sifjaspellum undir áhrifum vímuefna og um 9,6% voru það stundum. Af þeim sem nauðguðu voru 34% undir áhrifum og 8% voru það stundum. Fjöldi ofbeldismanna í töflu 26 byggist eingöngu á þeim upplýsingum sem lágu fyrir um bæði tegund ofbeldis og hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið. Þannig að ef upplýsingar vantaði

um annað hvort tegund ofbeldis og/eða hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið þá teljast þeir ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Tafla 27. Þjóðerni ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	413	73,5%
Frá Evrópu	52	9,3%
Utan Evrópu	26	4,6%
Blandað þjóðerni	3	0,5%
Övist, uppl. vantar	68	12,1%
Alls	562	100%

Undanfarin ár hefur borið á þeirri umræðu að íslenskum konum stafi mest hættu af erlendum mönnum sem koma hingað til lands. Eins og sést á töflu 27 eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 73,5%. Hafa verður þó í huga að upplýsingar vantar í um 12,1% tilfella. Þessi tafla sýnir svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslum árunna 2009 til 2012.

Tafla 28. Hefur brotaþoli beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	300	92,9%
Já	4	1,2%
Ekki viss	4	1,2%
Upplýsingar vantar	15	4,6%
Alls	323	100%

Ein lífseig goðsögn sem gengið hefur í gegnum tíðina er að þeir sem séu beittir kynferðisofbeldi, beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi. Frá 90 til 93% þeirra sem komu til Stígamóta árin 2008 til 2013 höfðu ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Hins vegar er mikilvægt að muna að þetta er erfið spurning og án efa eru einhverjar skuggatölur hér.

Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar þó ekki sé hægt að alhæfa út frá þeim.

Tafla 29. Var brotaþoli undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðis-lega áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Nei	76	53,5	70	36,3	10	29,4	7	41,2	1	8,3	38	36,2	3	42,9
Já	1	0,7	70	36,3	12	35,3	1	5,9	6	50,0	13	12,4	3	42,9
Stundum	3	2,1	22	11,4	3	8,8	3	17,6	1	8,3	7	6,7	-	-
Var barn (á ekki við)	55	38,7	11	5,7	1	2,9	3	17,6	-	-	18	17,1	1	14,3
Ekki viss	-	-	9	4,7	1	2,9	-	-	-	-	1	1,0	-	-
Upplýsingar vantar	7	4,9	11	5,7	7	20,6	3	17,6	4	33,3	28	26,7	-	-
Alls	142	100,0	193	94,3	34	79,4	17	82,4	12	66,7	105	73,3	7	100,0

Tafla 29 er sett fram með öðrum hætti en áður. Í fyrri ársskýrslum komu fram upplýsingar um hvort einstaklingur var undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið. Í ár var ákveðið að greina frá hvort einstaklingur hafi verið undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti.

Hafa verður í huga að í 17,5% tilfella var um börn að ræða. Í tæplega þriðjung tilfella þegar um nauðgun eða nauðgunartilraun var að ræða var brotaþoli ekki undir áhrifum áfengis en í rúmlega þriðjung tilfella voru þeir undir áhrifum áfengis. Stígamót ítreka að þó að einstaklingur sé drukkinn þegar honum er nauðgað ber hann ekki ábyrgð á ofbeldinu og það er engin réttlætning á því ofbeldi sem hann er beittur.

Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Árið 2013 var heildarfjöldi ofbeldismanna 597. Eins og fram hefur komið eru sumir ofbeldismannanna mögulega taldir oftar en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja töflur 30-34 á þeim 562 skýrslum sem fylltar voru út af brotapolum um ofbeldismennina.

Tafla 30. Kyn ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	509	90,6%
Kona	19	3,4%
Uppl. vantar	34	6,0%
Alls	562	100%

Eins og fyrri ár, eru langflestir ofbeldismennirnir karlar eða um 90,6% og er það í samræmi við flestar tölur um ofbeldismenn kynferðisofbeldis.

Tafla 31. Kyn ofbeldismanna, skipt eftir tegund ofbeldis

	Karl		Kona		Alls
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi
Sifjaspell	160	95,2%	8	4,8%	168
Nauðgun	251	97,3%	7	2,7%	258
Kynferðislega áreitni	107	94,7%	6	5,3%	113

Í töflu 31 koma fram upplýsingar um kyn ofbeldismanna sem beitt hafa sifjaspellum, nauðgun og kynferðislegri áreitni, þar sem kyn ofbeldismanna er þekkt. Fjöldi

ofbeldisbrota í töflu 31 er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitar er til Stígamóta (tafla 4), þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotþola (323) en í töflu 30 eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (562) þar sem kyn og tegund brots var þekkt. Þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða kyn ofbeldismanns þá teljast þeir ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga. Eins og fram kemur í töflu 31 er meirihluti ofbeldismanna sem vítað er að beittu sifjaspelli, nauðgun eða kynferðislegri áreitni karlar.

Tafla 32. Aldur ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
10 ára eða yngri	17	3,0%
11 - 13 ára	12	2,1%
14 - 17 ára	69	12,3%
18 - 29 ára	180	32,0%
30 - 39 ára	75	13,3%
40 - 49 ára	37	6,6%
50 - 59 ára	21	3,7%
60 - 69 ára	9	1,6%
70 - 79 ára	2	0,4%
80 ára og eldri	2	0,4%
Ekki viss	85	15,1%
Merkt við fleiri en eitt atriði	3	0,5%
Upplýsingar vantar	50	8,9%
Alls	562	100%

Tafla 32 sýnir að flestir ofbeldismenn eru á aldrinum 18-39 ára eða um 45,3%. Árið 2013 voru 98 ofbeldismenn undir 18 ára aldri eða um 17,4% ofbeldismanna. Þessi tafla sýnir svipaðar niðurstöður og árin 2009 til 2012.

Tafla 33. Hjúskaparstaða ofbeldismannsins þegar hann beitti ofbeldinu

	Fjöldi	Hlutfall
Barn (á ekki við) ⁷	61	10,9%
Einhleyp(ur)	130	23,1%
Í sambandi	32	5,7%
Í sambúð/hjúskap	125	22,2%
Fráskilin(n)/slitið sambúð	10	1,8%
Ekkja/ekkill	4	0,7%
Ekki viss	160	28,5%
Merkt við fleiri en 1 atriði	1	0,2%
Upplýsingar vantar	39	6,9%
Alls	562	100%

Í töflu 33 er miðað við hjúskaparstöðu ofbeldismanns þegar hann beitti ofbeldi í fyrsta skiptið. Um 27,9 % ofbeldismanna voru í sambandi eða sambúð/hjúskap þegar þeir beittu ofbeldinu.

Tafla 34. Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	13	2,3%
Já	107	19,0%
Óvíst	402	71,5%
Upplýsingar vantar	40	7,1%
Alls	562	100%

Eitt af því sem spurt er um í spurningalistum um ofbeldismenn er hvort brotþoli viti til þess að ofbeldismaður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að 19% ofbeldismannanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Það er í samræmi við aðrar upplýsingar sem liggja fyrir um að kynferðisbrotamenn séu líklegir til að beita fleiri en eina manneskju ofbeldi og oftast en einu sinni.

⁷ Fjöldi ofbeldismanna hér er ekki sá sami og fjöldi ofbeldismanna undir 18 ára og skýrist mismunurinn á því að í sumum tilfellum skilgreindi brotþoli hjúskaparstöðu ofbeldismanns á unglingsaldri, stundum "einhleypur" og stundum "í sambandi".

Aðstandendur

Heildarfjöldi aðstandenda árið 2013 voru 78 einstaklingar og byggja allar upplýsingar í þessum kafla á þeim fjölda. Árið 2008 voru fyrst lagðir fyrir sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur sem leituðu aðstoðar hjá Stígamótum.

Tafla 35. Er brotapolí sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	35	44,9%
Já	36	46,2%
Upplýsingar vantar	7	9,0%
Alls	78	100%

Í 35 tilfellum þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta höfðu brotapolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar.

Tafla 36a/b. Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?

36a. Aðstandandi:

	Fjöldi	Hlutfall
Brotapóla	55	70,5%
Ofbeldismanns	8	10,3%
Beggja	13	16,7%
Upplýsingar vantar	2	2,6%
Alls	78	100%

36b. Tengsl aðstandanda:

	Fjöldi	Hlutfall
Foreldri	27	34,6%
Maki	19	24,4%
Systkini	10	12,8%
Barn (afkomandi)	4	5,1%
Vinur/vinkona	3	3,8%
Frænka/frændi	2	2,6%
Amma/afi	2	2,6%
Tengdaforeldri	2	2,6%
Önnur tengsl	5	6,4%
Mismunandi tengsl við bæði brotapolu og ofbeldismann	2	2,6%
Merkt við fleiri en eitt atriði	1	1,3%
Upplýsingar vantar	1	1,3%
Alls	78	100%

Í töflum 36 a sést að flestir aðstandendur eru tengdir brotapolu en 16,7% eru þó tengdir bæði brotapolu og ofbeldismanni. Í töflu 36 b sést að meirihluti þeirra aðstandenda sem komu til Stígamóta voru foreldrar og makar, eða 59%. Samskonar niðurstöður komu einnig fram í ársskýrslu frá árunum 2008 til 2012.

Tafla 37. Kyn aðstandenda


	Fjöldi	Hlutfall
Karl	28	35,9%
Kona	48	61,5%
Upplýsingar vantar	2	2,6%
Alls	78	100%

Eins og sést í töflu 37 kemur fram að meirihluti aðstandenda, sem leituðu til Stígamóta árið 2013 voru konur, eða um 61,5%. Þetta eru svipaðar niðurstöður og komu fram árin 2008 til 2012.

Tafla 38. Form ofbeldis sem brotaþoli var beittur

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	39	41,1%
Nauðgun	37	38,9%
Kynferðisleg áreitni	16	16,8%
Annað	2	2,1%
Ekki viss	1	1,1%
Alls	95	100%

Tafla 38 sýnir það form ofbeldis sem brotaþoli lenti í og aðstandandi leitar til stígamóta vegna. Taflan sýnir að flestir leita til Stígamóta vegna sifjaspells eða nauðgunar sem aðstandandi þeirra upplifði, eða 80%. Þetta er svipuð niðurstaða og fram kom í ársskýrslu ársins 2012. Oft hefur fólk lent í fleiri en einu formi ofbeldis. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (78).



Mynd 17. Til hvaða fagaðila hefur aðstandandi leitað til áður varðandi ofbeldið?

Það er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á þessari mynd er meiri en fjöldi einstaklinga (78) þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Hlutfallið miðast við heildarfjölda aðstandanda (78). Athyglivert er að meirihluti eða 64,1% þeirra aðstandanda sem leituðu til Stígamóta árið 2013 höfðu ekki leitað til fagaðila vegna ofbeldisins áður en þeir komu á Stígamót, þetta eru svipaðar niðurstöður og komu fram í ársskýrslum Stígamóta fyrir árin 2011 og 2012.

